

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B61-63

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Inniheldur nýjar bls. 357-358 í A-deild 2003 og bls. 849-850 í B-deild 2003.  
Minniháttar gallar á bls. 1274 og 1278.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

***B 61-63***

***Nr. 358-392***

***2003***

## Efnisyfirlit B 61-63 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
358	20. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003 .....	1233
359	20. maí	Auglýsing um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulags-áætlunum í Reykjavík .....	1233-1234
360	16. maí	Auglýsing frá landskjörstjórn um úrslit kosninga til Alþingis 10. maí 2003 .....	1235-1237
361	16. maí	Auglýsing frá landskjörstjórn um breytingu á kjördæmasætum í Norðvesturkjördæmi og Suðvesturkjördæmi .....	1238
362	22. maí	Reglugerð um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi .....	1238-1240
363	22. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 311, 28. apríl 2003, um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland .....	1240
364	12. maí	Reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu .....	1241-1248
365		Reikningur Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2002 .....	1248-1251
366	9. maí	Reglugerð um sykur og sykurvörur .....	1251-1254
367	8. maí	Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Leikminjasafn Íslands .....	1255-1257
368	14. maí	Auglýsing um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2003-2004 .....	1258-1282
369	13. maí	Reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....	1282-1286
370		Reikningur Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteins-sonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2002 .....	1286
371		Reikningur Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2002 .....	1287
372	16. maí	Auglýsing um hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal .....	1287
373	15. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti .....	1288-1289
374	15. maí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 858/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. ....	1290
375	15. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum .....	1290-1291
376	15. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum .....	1291-1293
377	9. maí	Reglugerð um flugráð .....	1294-1295
378	13. maí	Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði .....	1296
379	16. apríl	Gjaldskrá fyrir sorphirðu á Austur-Héraði .....	1296-1297
380	16. apríl	Gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds á Austur-Héraði .....	1297-1298
381	13. maí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði .....	1298
382	12. maí	Auglýsing um (3.) breytingu á gjaldskrá, nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir .....	1299-1301

## 21. gr.

Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári. Með sama hætti telst söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri ávallt til skattskyldra tekna.

## 22. gr.

Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 12.–27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan þriggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til tekna en færist til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

## 23. gr.

Hafi skattaðili eignast selt íbúðarhúsnæði við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma við sölu miða við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

## 24. gr.

Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 35. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 18. og 19. gr.

## 25. gr.

Þegar eign er látin af hendi við makaskipti skal það teljast sala hennar og fer um skattskyldu söluhagnaðar eftir ákvæðum 12.–27. gr. laga þessara.

Ef ákvörðun kaup- eða söluverðs í makaskiptasamningi er verulega frábrugðin því sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt verð og miðað skattlagningu söluhagnaðar við það.

## 26. gr.

Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgangsgjaldfærðverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tölul. 73. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.



Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

#### 27. gr.

Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. Þó fellur þessi heimild niður ef skuldaviðurkenning er seld á þeim tíma sem heimilt er að dreifa söluhagnaði. Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir sölu-dag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

#### *Hvað ekki telst til tekna.*

#### 28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur. Þetta á þó ekki við um þann hluta lífeyrissparnaðar sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og váttryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 22. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.
3. Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila.
4. Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 15. og 17. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.
5. Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal telja framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni, að viðbættum áður áunnum lífeyrisréttindum og framtíðar-lífeyrisréttindum, skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri.

Við mat á áunnum réttindum skal leggja saman áunnin réttindi í tryggingadeildum lífeyrissjóða samkvæmt samþykktum hvers og eins lífeyrissjóðs miðað við að taka lífeyris

# GJALDSKRÁ

## um sorphirðu í Rangárþingi eystra árið 2003.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) fyrir árið 2003.

### 2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr. 9.400 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 4.700
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr. 3.300
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr. 9.400

### 3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samín og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af Heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2003.

*F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 18. mars 2003.*

**Ágúst Ingi Ólafsson** sveitarstjóri.

## REGLUR

### um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

#### *Orðskýringar.*

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir meginþegnum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
- Flokksdeild:** Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöruflokks telst flokksdeild.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.
- Framlegð:** Munur söluverðs og innkaupsverðs – án vsk.
- Framlegðarskrá:** Skrá yfir framlegð vöru á 12 mánaða tímabili.

#### 1. **Söluflokkar.**

##### 1.1 Áfengi er deilt í 4 söluflokka:

- Reynsluflokk
- Kjarna
- Mánaðarflokk
- Sérflokk

##### 1.2 *Reynsluflokkur* er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu.

##### 1.3 *Kjarni* er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár en að ári liðnu geta þær fallið úr kjarna, skili þær ekki lágmarksframlegð. Kjarni deilist í forkjarna og aðalkjarna.

##### 1.4 *Mánaðarflokkur* er ætlaður árstíðabundinni vöru.

##### 1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnafnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru faltar í sérflokki.

##### 1.6 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

#### *Reynsluflokkur.*

- 1.7 Birgir, sem óskar að selja vöru í reynsluflokki og leyfi hefur til að selja áfengi í heildsölu, skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Umsókn um sölu áfengis. Jafnframt því að leggja inn tilboð sýnir hann vöruna, leggur fram vöruvottun og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölueining uppfylli skilmála ÁTVR. Hann staðfestir að honum séu kunnir skilmálar ÁTVR og að hann sé reiðubúinn að hlíta þeim.
- 1.8 Í reynsluflokki eru allt að 1400 sölutegundir sem seldar eru í Heiðrúnu og í Kringlunni. Séu öll sæti skipuð, getur birgir rýmt fyrir þeirri vöru, er hann býður, með því að taka aðra vöru, sem hann hefur forræði á, af listanum, enda hafi sú vara verið í

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003.

#### 1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo: Þegar norsk-íslensk síld er reiknuð til þorskígilda skal miða við verðmætastuðulinn 0.12.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. maí 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Mariubaugur, Ingunnarskóli.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Mariubaug 1, Ingunnarskóla.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Smiðshöfði 19.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 11. febrúar 2003, breytingu á deiliskipulag fyrir Smiðshöfða 19.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.



*Álagrandi 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. maí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Álagranda 4.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 20. maí 2003.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

**Helga Bragadóttir.**

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2003

---

16. maí 2003

1235

Nr. 360

## AUGLÝSING

### frá landskjörstjórn um úrslit kosninga til Alþingis 10. maí 2003.

Landskjörstjórn gjörir kunnugt að eftirtaldir frambjóðendur náðu kjöri sem þingmenn í almennum kosningum til Alþingis, sem fram fóru laugardaginn 10. maí 2003:

#### **Norðvesturkjördæmi:**

*Af B-lista Framsóknarflokks:*

Magnús Stefánsson, Engihlíð 8, Ólafsvík, sem 3. þingmaður.

Kristinn H. Gunnarsson, Holtabrún 16, Bolungarvík, sem 7. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Sturla Böðvarsson, Asklifi 20, Stykkishólmi, sem 1. þingmaður.

Einar Kristinn Guðfinnsson, Vitastíg 17, Bolungarvík, sem 4. þingmaður.

Einar Oddur Kristjánsson, Sólbakka, Flateyri, sem 9. þingmaður.

*Af F-lista Frjálslynda flokksins:*

Guðjón A. Kristjánsson, Engjavegi 28, Ísafirði, sem 5. þingmaður.

Sigurjón Þórðarson, Skagfirðingabraut 13, Sauðárkróki, sem 10. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Jóhann Ársælsson, Vesturgötu 59b, Akranesi, sem 2. þingmaður.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ártúni 19, Sauðárkróki, sem 6. þingmaður.

*Af U-lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:*

Jón Bjarnason, Hnjúkabyggð 27, Blönduósi, sem 8. þingmaður.

#### **Norðausturkjördæmi:**

*Af B-lista Framsóknarflokks:*

Valgerður Sverrisdóttir, Lómatjörn, Grýtubakkahreppi, sem 1. þingmaður.

Jón Kristjánsson, Selási 12, Egilsstöðum, sem 4. þingmaður.

Dagný Jónsdóttir, Strandgötu 86, Eskifirði, sem 8. þingmaður.

Birkir Jón Jónsson, Hvanneyrarbraut 58, Siglufirði, sem 9. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Halldór Blöndal, Strandgötu 25, Akureyri, sem 2. þingmaður.  
Tómas Ingi Olrich, Álfabyggð 20, Akureyri, sem 6. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Kristján L. Möller, Laugarvegi 25, Siglufirði, sem 3. þingmaður.  
Einar Már Sigurðarson, Sæbakka 1, Neskaupstað, sem 7. þingmaður.

*Af U-lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:*

Steingrímur J. Sigfússon, Gunnarsstöðum, Svalbarðshreppi, sem 5. þingmaður.  
Þuríður Backman, Hjarðarhlíð 7, Egilsstöðum, sem 10. þingmaður.

**Suðurkjördæmi:***Af B-lista Framsóknarflokks:*

Guðni Ágústsson, Jórutúni 2, Selfossi, sem 3. þingmaður.  
Hjálmar Arnason, Faxabraut 62, Keflavík, sem 6. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Arni Ragnar Arnason, Vesturgötu 14, Keflavík, sem 2. þingmaður.  
Drífa Hjartardóttir, Keldum, Rangárvöllum, sem 5. þingmaður.  
Guðjón Hjörleifsson, Ásavegi 26, Vestmannaeyjum, sem 8. þingmaður.

*Af F-lista Frjálslynda flokksins:*

Magnús Þór Hafsteinsson, Háholti 33, Akranesi, sem 9. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Margrét Frímannsdóttir, Heiðarvegi 2, Selfossi, sem 1. þingmaður.  
Lúðvík Bergvinsson, Illugagötu 36, Vestmannaeyjum, sem 4. þingmaður.  
Björgvin G. Sigurðsson, Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem 7. þingmaður.  
Jón Gunnarsson, Akurgerði 13, Vogum, sem 10. þingmaður.

**Suðvesturkjördæmi:***Af B-lista Framsóknarflokks:*

Siv Friðleifsdóttir, Bakkavör 34, Seltjarnarnesi, sem 5. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Arni M. Mathiesen, Lindarbergi 18, Hafnarfirði, sem 1. þingmaður.  
Gunnar I. Birgisson, Austurgerði 9, Kópavogi, sem 3. þingmaður.  
Sigríður A. Þórðardóttir, Mosfelli, Mosfellsbæ, sem 6. þingmaður.  
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Tjarnarbraut 7, Hafnarfirði, sem 8. þingmaður.  
Bjarni Benediktsson, Bakkaflöt 2, Garðabæ, sem 11. þingmaður.

*Af F-lista Frjálslynda flokksins:*

Gunnar Örn Örlygsson, Fitjum, Kjalarnesi, sem 10. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Guðmundur Arni Stefánsson, Fjarðargötu 17, Hafnarfirði, sem 2. þingmaður.  
Rannveig Guðmundsdóttir, Hlíðarvegi 61, Kópavogi, sem 4. þingmaður.  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Arnarási 19, Garðabæ, sem 7. þingmaður.  
Katrín Júlíusdóttir, Furugrund 32, Kópavogi, sem 9. þingmaður.

**Reykjavíkurrkjördæmi suður:***Af B-lista Framsóknarflokks:*

Jónína Bjartmarz, Klyfjaseli 18, Reykjavík, sem 6. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Geir Hilmar Haarde, Granaskjólí 20, Reykjavík, sem 1. þingmaður.

Pétur H. Blöndal, Kringlunni 19, Reykjavík, sem 3. þingmaður.

Sólveig Guðrún Pétursdóttir, Fjólugötu 1, Reykjavík, sem 5. þingmaður.

Guðmundur Hallvarðsson, Stuðlaseli 34, Reykjavík, sem 8. þingmaður.

Birgir Ármannsson, Víðimel 62, Reykjavík, sem 11. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Jóhanna Sigurðardóttir, Hjarðarhaga 17, Reykjavík, sem 2. þingmaður.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Garðastræti 43, Reykjavík, sem 4. þingmaður.

Mörður Árnason, Laugavegi 49, Reykjavík, sem 7. þingmaður.

Ágúst Ólafur Ágústsson, Baldursgötu 36, Reykjavík, sem 10. þingmaður.

*Af U-lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:*

Ögmundur Jónasson, Grímshaga 6, Reykjavík, sem 9. þingmaður.

**Reykjavíkurrkjördæmi norður:***Af B-lista Framsóknarflokks:*

Halldór Ásgrímsson, Brekkuseli 22, Reykjavík, sem 7. þingmaður.

Árni Magnússon, Lyngheiði 12, Hveragerði, sem 11. þingmaður.

*Af D-lista Sjálfstæðisflokks:*

Davíð Oddsson, Fáfnisnesi 12, Reykjavík, sem 2. þingmaður.

Björn Bjarnason, Háuhlíð 14, Reykjavík, sem 4. þingmaður.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Logafold 48, Reykjavík, sem 6. þingmaður.

Sigurður Kári Kristjánsson, Freyjugötu 15, Reykjavík, sem 10. þingmaður.

*Af S-lista Samfylkingarinnar:*

Össur Skarphéðinsson, Vesturgötu 73, Reykjavík, sem 1. þingmaður.

Bryndís Hlökkversdóttir, Grundarhúsum 40, Reykjavík, sem 3. þingmaður.

Guðrún Ögmundsdóttir, Nóatúni 27, Reykjavík, sem 5. þingmaður.

Helgi Hjörvar, Hólavallagötu 9, Reykjavík, sem 9. þingmaður.

*Af U-lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:*

Kolbrún K. Halldórsdóttir, Fornhaga 21, Reykjavík, sem 8. þingmaður.

*Reykjavík, 16. maí 2003.***Þorvaldur Lúðvíksson.****Gestur Jónsson.****Elsa S. Þorkeldsdóttir.****Ástráður Haraldsson.****Gísli Baldur Garðarsson.**

---

*Þórður Bogason.*



## AUGLÝSING

### frá landskjörstjórn um breytingu á kjördæmissætum í Norðvesturkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.

*Landskjörstjórn gjörir kunnugt:*

Við nýafstaðnar alþingiskosningar voru kjósendur að baki hverju þingsæti í Norðvesturkjördæmi 2.163, innan við helmingur kjósenda að baki hverju þingsæti í Suðvesturkjördæmi sem voru 4.366.

Með vísan til 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar hefur landskjörstjórn því ákveðið að við næstu almennar alþingiskosningar skuli níu þingsæti vera í Norðvesturkjördæmi, átta kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti, en tólf þingsæti í Suðvesturkjördæmi, tíu kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti, sbr. enn fremur 8. og 9. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

*Reykjavík, 16. maí 2003.*

**Porvaldur Lúðvíksson.**

**Gestur Jónsson.**  
**Elsa S. Porkelsdóttir.**

**Ástráður Haraldsson.**  
**Gísli Baldur Garðarsson.**

*Þórður Bogason.*

## REGLUGERÐ

### um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu og dragnót eru bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, nema veiðarfærið sé búið með þeim hætti sem segir í 2. gr. Svæðið markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 64°23,90'N – 14°28,00'V  | 15. 63°36,30'N – 14°52,40'V |
| 2. 64°33,00'N – 13°23,00'V  | 16. 63°31,50'N – 15°21,70'V |
| 3. 65°00,00'N – 13°02,12'V  | 17. 63°33,80'N – 15°26,30'V |
| 4. 65°00,00'N – 11°50,00'V  | 18. 63°30,90'N – 15°40,80'V |
| 5. 64°30,64'N – 12°11,68'V  | 19. 63°29,10'N – 15°41,30'V |
| 6. 64°07,00'N – 13°00,50'V  | 20. 63°23,60'N – 16°10,00'V |
| 7. 64°03,00'N – 13°12,20'V  | 21. 63°23,40'N – 16°16,60'V |
| 8. 64°05,64'N – 13°14,96'V  | 22. 63°21,80'N – 16°33,70'V |
| 9. 63°54,00'N – 14°11,00'V  | 23. 63°21,40'N – 16°56,00'V |
| 10. 63°50,30'N – 14°07,80'V | 24. 63°18,70'N – 16°59,70'V |
| 11. 63°48,00'N – 14°07,20'V | 25. 63°16,50'N – 17°00,00'V |
| 12. 63°39,60'N – 14°36,30'V | 26. 63°13,30'N – 17°36,00'V |
| 13. 63°41,10'N – 14°38,20'V | 27. 63°14,70'N – 17°36,00'V |
| 14. 63°43,50'N – 14°42,40'V | 28. 63°14,50'N – 17°44,20'V |

29. 63°12,70'N – 17°55,00'V
30. 63°11,90'N – 18°04,90'V
31. 63°12,80'N – 18°13,10'V
32. 63°13,35'N – 18°30,00'V
33. 63°16,00'N – 18°54,00'V
34. 63°20,00'N – 19°20,00'V
35. 63°21,60'N – 19°39,50'V
36. 63°16,00'N – 20°02,50'V
37. 63°16,00'N – 20°22,00'V

og þaðan réttvísandi 016° til lands.

Að norðan markast svæðið af fjörumarki.

## 2. gr.

Eftirgreindar veiðar eru heimilar á svæðinu skv. 1. gr.:

- A. Veiðar með fiskivörpu, enda sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og búnað smáfiskaskilju, með síðari breytingu.
- B. Veiðar með fiskivörpu á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 30. júní og frá og með 15. nóvember til og með 28. febrúar á eftirgreindu svæði, enda séu vörpunar búnar legglugga:

1. 64°11,00 N – 15°42,50 V
2. 63°57,70 N – 15°28,70 V
3. 64°24,00 N – 14°16,60 V
4. 64°24,00 N – 14°30,00 V
5. 64°14,00 N – 14°56,00 V

- C. Dragnótaveiðar, þeim bátum sem tilskilin leyfi hafa, enda sé dragnótin búin legglugga.

## 3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum og settar kunna að verða sbr. 5. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 809/2002 um friðunarsvæði við Ísland.

## 4. gr.

Leggluggi, samkvæmt 2. gr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhlíðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum. Séu veiðar stundaðar með legglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og þar fyrir aftan vera 135 mm.

## 5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. maí 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi og reglugerð nr. 484, 10. júlí 2002, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu við Suðausturland án smáfiskaskilju.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. maí 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Pórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 311, 28. apríl 2003,  
um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland.**

## 1. gr.

Við 1. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal heimilt að nota sérbúna línu (haukalóð) til lúðuveiða.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 27. maí 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. maí 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Pórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi nær til þeirra þátta pósthjónustu sem skilgreindir eru sem alþjónusta. Þá gildir reglugerðin, einnig eftir því sem við á, um framkvæmd pósthjónustu.

##### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið reglugerðar um alþjónustu er að tryggja landsmönnum án mismununar, greiðan aðgang að pósthjónustu, einkum með því að kveða á um lágmarksfjölda afgreiðslustaða, setja skilyrði um söfnun og móttöku pósts, útburð og skilgreina gæðakröfur innan alþjónustu.

#### II. KAFLI

#### **Alþjónusta.**

##### 3. gr.

##### *Alþjónustukröfur.*

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu:

1. Þjónustan skal uppfylla grunnkröfur, eins og þær eru skilgreindar í lögum um pósthjónustu á hverjum tíma og aðrar þær kröfur sem yfirvöld gera til pósthjónustu með stoð í grunnkröfunum.
2. Öllum notendum, sem búa við sambærilegar aðstæður, standi til boða samskonar þjónusta.
3. Þjónustan skal vera veitt án mismununar.
4. Þjónustan má ekki stöðvast nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum.
5. Þjónustan skal þróast í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

##### 4. gr.

##### *Réttur til alþjónustu.*

Rétt til alþjónustu eiga allir landsmenn eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

##### 5. gr.

##### *Umfang alþjónustu.*

Alþjónusta nær til póstsendinga innanlands og til annarra landa. Eftirfarandi þjónusta fellur undir alþjónustu:



- Aðgangur að afgreiðslustað rekstrarleyfishafa.
- Útburður einu sinni á dag alla virka daga nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt, sbr. 10. gr.
- Póstþjónusta vegna:
  - bréfa og orðsendinga með utanáskrift
  - markpósts og annarra sendinga með utanáskrift
  - dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift
  - ábyrgðarsendinga
  - tryggðra sendinga
  - fjármunasendinga
  - blindrasendinga allt að tveimur kílóum
  - bögglasendinga allt að tuttugu kílóum.

## 6. gr.

*Einkaréttur ríkisins.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrisvar sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innanlands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins.

## 7. gr.

*Alþjónustuframboð.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja ákvæði um skyldu til að veita alþjónustu í leyfisbréfi rekstrarleyfishafa. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja kvöð á rekstrarleyfishafann um að alþjónusta skuli veitt alls staðar á landinu eða á tilteknum svæðum. Heimilt er að deila alþjónustukvöðum milli tveggja eða fleiri rekstrarleyfishafa. Kvöð um að veita alþjónustu verður þó aldrei lögð á fleiri en einn rekstrarleyfishafa á hverju svæði. Kvaðir vegna alþjónustu skulu vera tímabundnar, en gildistími slíkra kvaða skal aldrei vera lengri en gildistími viðkomandi rekstrarleyfis. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

## 8. gr.

*Afgreiðslustaðir.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða fyrir póst, sbr. 9. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga um pósthjónustu.

## 9. gr.

*Umsóknir um fjárframlög vegna alþjónustu.*

Rekstrarleyfishafi, sem gert hefur verið að veita alþjónustu, skal fyrir 1. september ár hvert sækja skriflega til Póst- og fjarskiptastofnunar um fjárframlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu á komandi ári.

Nú hefur Póst- og fjarskiptastofnun, innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 1. mgr., fengið beiðni um fjárframlög vegna alþjónustu og skal stofnunin þá kanna hvort þjónustan falli undir ramma alþjónustu og hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Eigi síðar en 15. október skal Póst- og fjarskiptastofnun gera grein fyrir fjárþörf jöfnunarsjóðsins á næsta ári. Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum í samræmi við fjárþörfina.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.-XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum, og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim eftir því sem við á.

### III. KAFLI Þjónustu- og gæðakröfur.

10. gr.

#### *Útburður.*

Rekstrarleyfishafi, sem fengið hefur leyfi til að starfrækja pósthjónustu sem fellur undir alþjónustu og á hafa verið lagðar kvaðir samkvæmt rekstrarleyfi um að veita alþjónustu á landinu eða á ákveðnu svæði, skal bera út póst alla virka daga til heimila og fyrirtækja á landinu öllu eða á viðkomandi svæði eftir því sem við á.

Telji rekstrarleyfishafi að kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður valdi því að útburður pósts alla virka daga sé verulegum erfiðleikum bundinn á tilteknum stöðum er honum heimilt að senda Póst- og fjarskiptastofnun rökstudda umsókn um undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. Við mat sitt á umsókninni skal Póst- og fjarskiptastofnun taka tillit til annars vegar mikilvægi pósthjónustu fyrir þá aðila sem í hlut eiga og hins vegar erfiðleika og kostnað við útburð, svo sem vegna fjarlægðar eða lélegs vegasambands.

Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús eða á svæðum sem teljast til hálendis.

11. gr.

#### *Tæming póstkassa.*

Móttöku- og söfnunarstaði fyrir póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal tæma a.m.k. einu sinni hvern virkan dag. Rekstrarleyfishafar sem á hafa verið lagðar kvaðir um að veita alþjónustu, skulu gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir fyrirkomulagi tæminga á móttöku- og söfnunarstöðum fyrir póst.

12. gr.

#### *Opnunartími afgreiðslustaða.*

Opnunartími afgreiðslustaða skal taka mið af almennum opnunartíma samsvarandi þjónustu. Við mat á því hvað telst hæfilegur opnunartími má einnig taka mið af fjölda íbúa á því svæði sem afgreiðslustaðurinn þjónar og stærð svæðisins.

Rekstrarleyfishafi sem á hafa verið lagðar kvaðir um að veita alþjónustu, skal gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir opnunartíma afgreiðslustaða sé þess óskað.

13. gr.

#### *Gæði pósthjónustu.*

Að lágmarki skal 85 af hundraði innanlandspósts í hraðasta flokki borinn út daginn eftir að hann hefur verið lagður í póst (D+1), og 97 af hundraði pósts skal borinn út innan þriggja daga (D+3) frá póstlagningu. Krafa miðast við þriggja mánaða tímabil.

Að lágmarki skal 85 af hundraði pósts í hraðasta flokki milli landa, innan Evrópska efnahagssvæðisins borinn út innan þriggja daga (D+3) frá póstlagningu og 97 af hundraði pósts skal borinn út innan fimm daga (D+5) frá póstlagningu. Krafa miðast við sex mánaða tímabil.

14. gr.

#### *Afhending póstsendinga.*

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í pósthólf viðkomandi eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um, sbr. þó 3. mgr. 10. gr.

Póstsending telst í vörslu pósthjónustuaðila frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent viðtakanda.

Sendingu má afhenda viðtakanda með eftirfarandi hætti:

- a) Með því að hún er sótt á afgreiðslustað póstrekanda;
- b) Með útburði til viðtakanda eftir því sem póstfang segir til um;
- c) Með því að láta hana í pósthólf, sem viðtakandi tekur á leigu á afgreiðslustöðum.

Almennar bréfaþóstsendingar teljast réttilega afhentar, þegar bréfbéri hefur fengið þær í hendur viðtakanda sjálfum, eða einhverjum á heimili hans, starfsmanni í móttöku, ef viðtakandi er fyrirtæki, látið þær í gegnum bréfarifu á hurð viðtakanda eða í bréfaþakassa, ef viðtakandi er þar merktur.

Sendingar til manna sem sitja í fangelsi skal afhenda eftir því sem reglur um slíkt mæla fyrir um.

Sendingar til ólögráða má afhenda þeim sjálfum eða þeim sem að lögum hafa forsjá þeirra.

15. gr.

*Dagstimplun.*

Allar þóstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar. Þó er heimilt að undanþykkja markpóst, dagblöð, vikublöð, tímarit, bóka og verðlista, þar sem ekki er gerlegt að dagstimpla, t.d. þar sem plastumbúðir eru utan um sendinguna. Enda sé ekki um að ræða þótsendingu sem felur í sér mikilvægar tilkynningar til móttakanda.

#### IV. KAFLI

#### Almennar reglur um þótpjónustu.

16. gr.

*Staðsetning bréfaþakassa.*

Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á.

Við val á staðsetningu bréfaþakassa skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

*Þéttbýli.*

Í þéttbýli skal bréfaþakassi vera staðsettur við eða í húsi.

Þéttbýli er þegar að lágmarki 50 íbúar búa á svæði, þar sem almennt er ekki meira en 50 metra fjarlægð á milli húsa.

*Dreifbýli.*

Í dreifbýli skal bréfaþakassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfaþakassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfaþakassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfaþakassa.

1. Ef tvö eða færri hús eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegar eða tengivegar.
2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.
3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.

Þrátt fyrir ofangreint skal að jafnaði fara heim að húsi, þegar afhenda skal skráðar sendingar.

Rekstrarleyfishafi skal leitast við að ná samkomulagi við notendur pósthjónustu um staðsetningu bréfastassa.

Rekstrarleyfishafi skal senda til Póst- og fjarskiptastofnunar skrá yfir þá viðtakendur póstsendinga, sem falla undir tilfelli 1-3. Þá skal og gera grein fyrir þeim úrræðum sem valin eru í hverju tilviki.

Viðtakanda póstsendinga er heimilt að semja um annan afhendingarmáta, s.s. afhendingu á afgreiðslustað rekstrarleyfishafa.

Ef ekki næst samkomulag um staðsetningu bréfastassa, skal viðtakandi pósts eiga kost á að koma að skriflegum athugasemdum við rekstrarleyfishafa varðandi staðsetninguna, sem tekur síðan rökstudda ákvörðun. Ef aðili sættir sig ekki við niðurstöðu rekstrarleyfishafa, er honum heimilt að bera ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 7. gr. laga nr. 110/1999.

Nú á viðtakandi póstsendingar rétt á að bréfastassi sé staðsettur við hús eða í húsi og er honum þá einnig heimilt að koma fyrir bréfarífu. Um stærð og frágang bréfastassa og bréfarífa gilda ákvæði byggingareglugerðar nr. 441/1998, með síðari breytingum.

#### 17. gr.

##### *Geymslutími sendinga.*

Sé ekki unnt að afhenda sendingu vegna rangrar eða ófullnægjandi utánáskriftar eða af öðrum ástæðum, t.d. vegna þess að viðtakandi neitar að taka við henni, er látinn eða fluttur burt án þess að vitað sé hvar hann er niðurkominn, skal ekki geyma sendinguna lengur en með þarf til þess að ganga úr skugga um að henni verði ekki komið til skila. Sending sem þannig er ástatt um skal að jafnaði ekki geymd lengur en einn mánuð að telja frá næsta degi eftir komu hennar til póstrekaða, áður en hún er endursend.

Sending sem á er ritað að skuli geymast þar til hennar verði vitjað (Poste restante) skal geymd fyrir viðtakanda í allt að tvo mánuði að telja frá næsta degi eftir komu til póstrekaða.

Sendandi getur ákveðið styttri geymslutíma fyrir sendinguna en að framan greinir og ber honum þá að rita um það athugasemd á sendinguna og sömuleiðis á fylgibréfið þegar um böggla er að ræða.

Sending sem ekki er hægt að afhenda viðtakanda innan geymslufrests, telst óskilasending.

#### 18. gr.

##### *Óskilasendingar.*

Póstsendingu telst ekki hafa verið skilað:

- Þegar viðtakandi skorast undan að taka við henni;
- Þegar viðtakandi er fluttur eða finnst ekki;
- Þegar sending hefur ekki verið sótt innan reglulegs geymslutíma þrátt fyrir að tilkynning hafi verið send út um komu hennar.

Á sendingar sem ekki verður komið til skila skal að jafnaði rita ástæðuna fyrir því. Í því skyni má nota sérstaka miða eða stimpla.

#### 19. gr.

##### *Meðferð óskilasendinga.*

Óskilasending endursendist sendanda, ef nafn hans og pósthfang er tilgreint á sendingunni.

Óskilasending, sem endursend hefur verið til þess að afhendast sendanda, skal afhent eftir sömu reglum og gilda um venjulega afhendingu til viðtakanda.



Hafi póstsending verið skilin eftir á tilgreindum viðtökustað en verið skilað aftur til póstrekkanda með nýrri utanáskrift má endursenda sendinguna til sendanda. Beri sendingin ekki með sér hver sé sendandi og póstrekkandi velur að senda póstsendinguna á nýja heimilisfangið er heimilt að innheimta hjá viðtakanda nýtt burðargjald.

Þegar starfsfólk á afgreiðslustað, sem óskilasending hefur verið endursend til, hefur gengið úr skugga um að sendingunni verði ekki komið til sendanda skal farið með hana í samræmi við ákvæði 20. gr.

20. gr.

*Opnun óskilasendinga.*

Póstrekkanda er heimilt að opna óskilasendingar sem hvorki hefur verið hægt að afhenda viðtakanda né endursenda sendanda í þeim tilgangi að komast að því hver sendandi eða viðtakandi er.

Eftirfarandi verklag skal viðhaft við opnun óskilasendinga:

1. Póstrekkandi skal tilnefna allt að þrjú starfsmenn sem heimild hafa til að opna óskilasendingar.
2. Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun hvaða starfsmenn það eru sem heimild hafa til þess.
3. Þeir póststarfsmenn sem tilnefndir hafa verið til að opna póst skulu undirrita trúnaðareið.
4. Aðeins þeir starfsmenn sem tilnefndir hafa verið mega vera viðstaddir opnun óskilasendinga auk fulltrúa frá Póst- og fjarskiptastofnun.
5. Halda skal skrá yfir hvenær og hvaða póstsendingar eru opnaðar og af hverjum.
6. Þau bréf sem eru opnuð skulu sérstaklega merkt og ástæða fyrir opnuninni skal koma fram utan á bréfinu.
7. Ekki skal skoða innihaldið frekar en nauðsynlegt er til að komast að því hver sendandi eða móttakandi er.

Póst- og fjarskiptastofnun skal kanna að lágmarki þrisvar á ári hvort ofangreindu verklagi hafi verið fylgt við opnun óskilasendinga og greina frá í ársskýrslu sinni.

Ef engar upplýsingar fást um hver sendandi eða móttakandi er, skulu sendingar sem hafa að geyma reiðufé eða aðra muni er meta má til fjár sendar til Póst- og fjarskiptastofnunar til varðveislu. Aðrar sendingar skulu eyðilagðar undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar.

21. gr.

*Gjaldfrjálsar póstsendingar.*

Póstsending sem ekki ber gjald samkvæmt alþjóðasamningum skal einnig vera gjaldfrjáls hér á landi.

22. gr.

*Óheimilar póstsendingar.*

Til viðbótar því sem tilgreint er í 4. mgr. 33. gr. laga um póstpjónustu er óheimilt að setja eftirfarandi sendingar í póst hér á landi og gildir þá einu hvort skráður viðtakandi er hér á landi eða erlendis, svo sem:

1. efni sem eld- eða sprengihætta stafar af,
2. eiturlyf og ofskynjunarefni, nema til lækisfræðilegra eða vísindalegra nota,
3. geislavirk efni, nema til þeirra landa sem ekki banna viðtöku þeirra,
4. klámfengnir og siðlausir hlutir,
5. hlutir sem í eðli sínu eða sökum óvandaðra umbúða, geta skaðað póststarfsmenn, óhreinnað eða skemmt aðrar sendingar eða tæki póstsins,
6. lifandi dýr,

7. fersk matvæli, frosin, reykt eða óelduð, sbr. kjöt, fiskur, egg eða annað matarkyns sem getur skemmt í flutningum.

Um annað en greinir hér að framan fer leyfilegt innihald sendinga sem fara eiga til viðtakenda utan Íslands eftir reglum ákvörðunarlands.

Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af ofangreindu gefa út lista sem birtur skal á heimasíðu stofnunarinnar með nánari upplýsingum um það hvaða sendingar er óheimilt að setja í póst.

23. gr.

*Umbúðir póstsendinga.*

Póstsendingar sem valdið geta skaða, smiti eða veikindum skal ganga frá, þannig að öryggi póststarfsmanna sem og flutningsstarfsmanna og viðtakenda sé tryggt.

Sendingarnar skal merkja með viðeigandi hætti skv. eftirfarandi:

1. *Líffræn auðskemmd efni, smitandi efni.*

Líffræn auðskemmd efni, sem bera smit eða rökstuddur grunur leikur á að geti smitað menn eða skepnur skal merkja „smitandi efni“ (Infectious Substances).

2. *Líffræn auðskemmd smitlaus efni.*

Líffræn auðskemmd smitlaus efni skal merkja með miða „Perishable Biological Substance“. Þau skal einnig merkja með „Diagnostic specimen“ ef við á.

3. *Geislavirk efni.*

Ytri umbúðir sendinga, sem innihalda geislavirk efni, skal sendandi merkja með miða „Radioactive Materials“.

Um frágang sendinganna og hvaða geislavirk efni heimilt er að senda með pósti skal fara eftir reglum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA).

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja nánari reglur um sérstakan frágang og umbúnað sendinga sem valdið geta skaða, smiti eða veikindum. Við gerð reglnanna skal hafa hliðsjón af reglum Alþjóðapóstbandsins (UPU), Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), Alþjóðasamtaka flugfélaga (IATA) og Alþjóðasamtaka atvinnuflugmanna (IAEA).

V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

24. gr.

*Skýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar.*

Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega á ári hverju skýrslu um kostnað við alþjónustu og framlög allra aðila til jöfnunarsjóðs.

25. gr.

*Viðurlög.*

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 19/2002 um póstpjónustu.

26. gr.

*Póstþjónusta við önnur lönd.*

Ákvæði reglugerðarinnar gilda einnig um póstpjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstpjónustu.

27. gr.

*Gildisákvæði.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 6. og 35. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, sbr. lög nr. 136/2002, um breytingu á þeim lögum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 505/1997 um grunnpóstþjónustu, með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytinu, 12. maí 2003.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

Nr. 365

## REIKNINGUR

**Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2002.**

**Rekstrarreikningur ársins 2002.**

<b>Tekjur:</b>	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Vegna sölu forsetamyntar .....		<u>0</u>
Samtals tekjur		<u>0</u>
<b>Gjöld:</b>		
Styrkir .....	6	5.300.000
Niðurfelling styrkja .....		0
Rekstrargjöld .....		<u>108.987</u>
Samtals gjöld		<u>5.408.987</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármunagjöld:</b>		
Vaxtatekjur .....	4	9.895.438
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	1	<u>0</u>
Fjármunatekjur		<u>9.895.438</u>
<i>Tekjur umfram gjöld (Tap)</i>		<u>4.486.451</u>

**Efnahagsreikningur 31. desember 2002.**

<b>Eignir:</b>		
<b>Langtímakröfur:</b>		
Spariskírteini ríkissjóðs .....	2, 5	<u>84.929.800</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Handbært fé .....	3	<u>1.233.229</u>
<i>Eignir alls</i>		<u>86.163.029</u>

<b>Skuldir og eigið fé:</b>	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
<b>Eigið fé:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		79.111.278
Endurmat .....		0
Hagnaður (tap) ársins .....		4.486.451
	Samtals	<u>83.597.729</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>		
Óhafnar styrkveitingar .....		<u>2.565.300</u>
	<i>Skuldir og eigið fé alls</i>	<u>86.163.029</u>

### Skýringar með ársreikningi 2002.

#### Reikningsskilaaðferðir.

- Grundvöllur reikningsskilanna.*  
Ársreikningur Þjóðhátíðarsjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996.

*Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila.*

Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur sjóðurinn hætt að verðleiðrétta reikningsskilin.

- Langtímakröfur.*  
Langtímakröfur sjóðsins eru spariskírteini ríkissjóðs. Spariskírteini eru skráð á árslokagengi.
- Handbært fé.*  
Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

- Vaxtatekjur.*

	2002
Bankainnstæður	115.438
Gengistap/hagnaður vegna spariskírteina	<u>9.780.000</u>
Samtals kr.	<u>9.895.438</u>

- Spariskírteini.*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 48 m.kr., sem uppreiknað er til verðgildis í ársbyrjun til 78,7 m.kr. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 2 m.kr., söluverð 3,5 m.kr. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 46 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam 84,9 m.kr.

- Styrkir.*

Á árinu 2002 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	kr.
Minningsjóður sr. Jóns M. Guðjónssonar .....	200.000
Veitingahúsið Setberg ehf. ....	250.000
Gamla kaupfélagið .....	200.000

Félag áhugamanna um endurgerð Riis húss .....	200.000
Náttúrugripasafn Austur-Skaftafellssýslu .....	150.000
Sjóminjasafn Austurlands .....	200.000
Byggðasafn Snæfellsbæjar .....	200.000
Byggðasafnið í Skógum .....	250.000
Hönnunarsafn Íslands .....	200.000
Gönguleiðahópur Vopnafjarðar .....	100.000
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar .....	200.000
Skrifstofa ferða- og menningarmála, Seyðisfirði .....	200.000
Snorrastofa .....	150.000
Safnahús Borgarfjarðar .....	150.000
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn .....	200.000
Örnefnastofnun Íslands .....	150.000
Kvennasögusafn Íslands .....	200.000
Smári Ólason	
– skráning hljóðritana á lögum við Passíusálma .....	150.000
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir	
– Verk Bjargar E. Þorlákss. ....	150.000
Ísl. esperantosambandið .....	200.000
Hrafnhildur Schram	
– Líf myndlistarkvemma í Kaupmannahöfn .....	150.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar .....	150.000
Fornleifavernd ríkisins .....	150.000
Fornleifastofnun Íslands .....	150.000
Húnavetningafélagið í Reykjavík .....	100.000
Jóhannes Sturlaugsson	
– Náttúrulífsmynd um Þingvallaurriða .....	150.000
Skútustaðahreppur .....	150.000
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum .....	150.000
Kammersveit Reykjavíkur .....	150.000
Leikskáldafélag Íslands .....	150.000
Menningarsjóður Björgvins Guðmundssonar tónskálds ..	150.000
Samtals kr.	<u>5.300.000</u>

## Áritun endurskoðenda

*Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.*

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2002, efnahag 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 6. maí 2003.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

### Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2002 með áritun sinni.

*Reykjavík, 6. maí 2003.*

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

**Sigríður Ragna Sigurðardóttir.**

**Rannveig E. Hálfánardóttir.**  
**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Jónína Michaelsdóttir.**  
**Björn Teitsson.**

*Sveinbjörn Hafliðason ritari.*

9. maí 2003

Nr. 366

## REGLUGERÐ

### um sykur og sykurvörur.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um sykur og sykurvörur sem skilgreindar eru í viðauka reglugerðarinnar. Hún gildir þó ekki um vörur sem þar eru skilgreindar þegar um er að ræða flór-sykur, kandíssykur eða vörur sem ætlaðar eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagsvæðisins.

#### 2. gr.

##### *Vöruheiti og merkingar.*

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum skulu þær vörur sem skilgreindar eru í A-hluta viðauka 1 uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) Þau vöruheiti sem skráð eru í A-hluta viðauka 1 gilda einungis um þær vörur sem þar eru skilgreindar og skal nota þau í viðskiptum til að auðkenna þær, sbr. þó e-lið. Vöruheiti í 2. tölulið A-hluta viðauka 1 má einnig nota til að auðkenna þær vörur sem tilgreindar eru í 3. tölulið sama viðauka.

Auk framangreindra vöruheita er heimilt að:

- nota hefðbundið heiti til viðbótar við vöruheiti í A-hluta viðauka 1, að því tilskildu að það villi ekki um fyrir neytendum;
- nota vöruheitin í A-hluta viðauka 1 sem hluta af hefðbundnu heiti á annarri vörutegund að því tilskildu að það villi ekki um fyrir neytendum.

- b) Þegar um er að ræða vörur í neytendaumbúðum sem eru undir 20 g þarf ekki að tilgreina nettóþyngd á umbúðamerkingu.
- c) Þegar um er að ræða sykurslausn, lausn invertsykurs og invertsíróp skal tilgreina á umbúðamerkingu magn þurrefnis og invertsykurs.
- d) Tilgreina skal á umbúðamerkingu heitið „kristallað“ þegar invertsíróp inniheldur kristalla í lausninni.
- e) Þegar vörurnar sem um getur í 7. og 8. tl. A-hluta viðauka 1 innihalda meira en 5% af frúktósa, miðað við þurrefni, skulu þær, að því er varðar vöruheiti þeirra og innihaldsefni, merktar annars vegar „frúktósa-glúkósasíróp“ eða „glúkósa-frúktósasíróp“ og hins vegar „þurrkað glúkósa-frúktósasíróp“ eða „þurrkað frúktósa-glúkósasíróp“, eftir því hvort glúkósa- eða frúktósaefniþátturinn er stærri.

## 3. gr.

*Ábyrgð framleiðenda.*

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem fram koma í viðauka 1 séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

## 4. gr.

*Eftirlit.*

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

## 5. gr.

*Þvingunarúrræði.*

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 7. tölul., XII. kafla, II. viðauka (tilskipun 2001/111/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tilteknar sykurvörur til manneldis).

Reglugerðin tekur gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 426/1995 um sykur og sykurvörur.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

## I.

Vegna þeirra vörutegunda sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 12. júlí 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari reglugerð en eru merktar fyrir 12. júlí 2004, er heimil uns birgðir eru þrotnar.

*Umhverfísráðuneytinu, 9. maí 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## VIÐAUKI 1

**A-hluti: Vöruheiti og skilgreiningar.****1. Hálfunninn sykur.**

Hreinsaður og kristallaður gæðasúkrósi sem einkennist af eftirfarandi:

- |                         |                              |
|-------------------------|------------------------------|
| a) skautun              | $\geq 99,5^\circ Z$          |
| b) invert sykur         | $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd |
| c) efnistap við þurrkun | $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd |

**2. Sykur eða hvítur sykur.**

Hreinsaður og kristallaður gæðasúkrósi sem einkennist af eftirfarandi:

- |                         |   |
|-------------------------|---|
| a) skautun              | $\geq 99,7^\circ Z$                     |
| b) invert sykur         | $\leq 0,04\%$ miðað við þyngd           |
| c) efnistap við þurrkun | $\leq 0,06\%$ miðað við þyngd           |
| d) litargerð            | $\leq$ níu punktar (sbr. a-lið B-hluta) |

**3. Fínhreinsaður sykur.**

Vara sem hefur sömu einkenni og um getur í a-, b-, og c-lið 2. töluliðar með heildar-punktafjölda sem er ákvarðaður í samræmi við ákvæði B-hluta, mest 8 og ekki fleiri en:

- 4 fyrir litargerð
- 6 fyrir öskuinnihald
- 3 fyrir lit lausnar

**4. Sykurlausn (\*).**

Vatnslausn súkrósa sem einkennist af eftirfarandi:

- |   |  |
|---|--|
| a) þurrefni   | $\geq 62\%$ miðað við þyngd  |
| b) invertsykur<br>(hlutfall frúktósa og glúkósa $1,0 \pm 0,2$ ) | $\leq 3\%$ miðað við þyngd þurrefnis                                   |
| c) aska (mælt með leiðni)                                       | $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd þurrefnis (sbr. b-lið B-hluta, viðauka 1) |
| d) litur í lausn  | $\leq 45$ -ICUMSA einingar (sbr. B-hluta viðauka 1)                    |

**5. Lausn invert-sykurs (\*).**

Vatnslausn súkrósa (að hluta til vatnsrofin) sem einkennist af eftirfarandi:

- |  |   |
|--|---|
| a) þurrefni  | $\geq 62\%$ miðað við þyngd   |
| b) invertsykur (hlutfall frúktósa og glúkósa $1 \pm 0,1$ ) | Frá $3\%$ og upp í $50\%$ miðað við þyngd þurrefnis                     |
| c) aska (mælt með leiðni)                                  | $\leq 0,4\%$ miðað við þyngd þurrefnis ákvarðar í samræði b-lið B-hluta |

**6. Umsnúið síróp (Invertsíróp) (\*).**

Vatnslausn, hugsanlega kristölluð, af súkrósa sem er að hluta til vatnsrofin, þar sem magn invertsykurs er meira en  $50\%$  af þurrefni og lausnin að öðru leyti í samræmi við a- og c-lið 5. töluliðar.

(\*) Orðið „hvítur“ er eingöngu heimilt að nota um:

- a) Sykurlausnir þegar litur þeirra fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar (International Commission for Uniform Methods of Sugar Analysis) sbr. c-lið B-hluta.
- b) Invertsykurlausn og invertsíróp, sem inniheldur ekki meira en  $0,1\%$  ösku (mælt með leiðni) og litur lausnarinnar fer ekki yfir 25 ICUMSA-einingar (með aðferð tilgreind í c-lið B-hluta).



**7. Glúkósasíróp.**

Hreinsuð og þykkt vatnslaun sakkariða, sem unnar eru úr sterkju og/eða inúlíni, og ein-kennist af eftirfarandi:

- |                      |  |
|----------------------|--|
| a) þurrefni          | $\geq 70\%$ miðað við þyngd                                    |
| b) dextrósajafngildi | $\geq 20\%$ miðað við þyngd þurrefnis, gefið upp sem D-glúkósi |
| c) aska (súlfateruð) | $\leq 1\%$ miðað við þyngd þurrefnis                           |

**8. Þurrkað glúkósasíróp.**

Glúkósasíróp þurrkað að hluta með a.m.k. 93% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við b- og c-lið 7. töluliðar.

**9. Dextrósamónóhýdrat.**

Hreinsaður og kristallaður glúkósi, kristallaður með einni sameind af vatni og sem ein-kennist af eftirfarandi:

- |                         |   |
|-------------------------|---|
| a) dextrósi (D-glúkósi) | $\geq 99,5\%$ miðað við þyngd þurrefnis |
| b) þurrefni             | $\geq 90\%$ miðað við þyngd             |
| c) aska (súlfateruð)    | $\leq 0,25\%$ miðað við þyngd þurrefnis |

**10. Dextrósaanhýdríð.**

Hreinsaður og kristallaður glúkósi sem er ekki kristallaður með vatni, með a.m.k. 98% þurrefni og að öðru leyti í samræmi við a- og c-lið 9. töluliðar.

**11. Frúktósi.**

Hreinsaður og kristallaður D-frúktósi, sem einkennist af eftirfarandi:

- |                                   |                                       |
|-----------------------------------|---------------------------------------|
| Innihald frúktósa                 | $\geq 98\%$                           |
| Innihaldi glúkósa að hámarki 0.5% | $\leq 0,5\%$ miðað við þyngd          |
| Efnistapi við þurrkun             | $\leq 0,1\%$ miðað við þyngd          |
| Aska (mælt með leiðni)            | ákvarðað í samræmi við b-lið, B-hluta |

**B – hluti: Litargerð, öskuinnihald og litur lausna af hvítum og fínhreinsuðum hvítum sykri, sem er skilgreindur í 2. og 3. tölulið A-hluta.**

*a) Litargerð.*

Einn punktur svarar til 0,5 eininga, sem ákvarðaðar eru samkvæmt 2. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð Evrópusambandsins nr. 1265/69/EBE frá 1. júlí 1969, þar sem kveðið er á um aðferðir til að ákvarða gæði sykurs sem keyptur er fyrir milli-göngu umboðsaðila (Stjtið. EB I 163, 1.7.1969, bls. 1).

*b) Aska.*

Einn punktur svarar til 0,0018%, ákvarðað með aðferðum Alþjóðanefndarinnar um samræmdar aðferðir í sykurgreiningum (ICUMSA) sem um getur í 1. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð nr. 1265/69/EBE.

*c) Litur.*

Einn punktur svarar til allt að 7,5 eininga, sem ákvarðaðar eru með ICUMSA-aðferðinni sem um getur í 3. mgr. A-hluta í viðauka við reglugerð nr. 1265/69/EBE.

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Leikminjasafn Íslands.

### 1. gr.

#### *Stofnendur.*

Leikminjasafn Íslands, sem stofnað er að frumkvæði Samtaka um leikminjasafn, kt. 570501-2320, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn og starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Um starfsemi stofnunarinnar gilda jafnframt safnalög nr. 106/2001. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum og mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999. Safnkost stofnunarinnar má eigi skerða.

Stofnendur Leikminjasafns Íslands eru þessir:

Assitej á Íslandi, Bandalag íslenskra leikfélaga, Bandalag sjálfstæðra leikhúsa, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Félag íslenskra leikara, Félag íslenskra listdansara, Félag íslenskra tónlistarmanna, Félag kvikmyndagerðarmanna, Félag leiklistarfræðinga, Félag leikmynda- og búningahöfunda, Félag leikstjóra á Íslandi, Félag tónskálda og textahöfunda, Framleiðendafélagið SÍK, Íslenska óperan, Íslenska útvarpsfélagið, Íslenski dansflokkurinn, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Leikskáldafélag Íslands, Listaháskóli Íslands, Rithöfundasamband Íslands, Ríkisútvarpið, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands, Unima á Íslandi, Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafn Íslands.

Æðsta stjórn stofnunarinnar er í höndum fulltrúaráðs Leikminjasafns Íslands. Hver framangreindra stofnenda tilnefnir einn fulltrúa í fulltrúaráðið og annan til vara. Jafnframt hafa félagar með einstaklingsaðild að Samtökum um leikminjasafn heimild til að tilnefna einn fulltrúa úr sínum hópi og annan til vara. Tilnefningum skal skilað þremur vikum fyrir aðalfund og taka þær gildi frá þeim tíma. Tilnefning gildir þar til stofnandi ákveður annað eða hættir starfsemi.

### 2. gr.

#### *Tilgangur.*

Tilgangur Leikminjasafns Íslands er að skrá leikminjar, setja upp sýningar á leikminjum og leiklistarsögulegu efni. Safnið mun í því skyni safna, varðveita, skrá, rannsaka og sýna leiklistarsögulegar minjar og hvers konar gögn um leikhefðir og starf leikhúsa, leikhópa og leikfélaga, atvinnumanna jafnt og áhugamanna.

Leikminjasafn Íslands sinnir ennfremur rannsóknum á leiklist og leiklistarsögu, útgáfu og fræðslustarfi fyrir almenning, skólanemendur og menntastofnanir.

Til leikminja teljast m.a. handrit, teikningar, ljósmyndir, prentuð gögn, líkön, leikbúningar og leikmunir, tæknibúnaður, leikmyndir, ljósmyndir, hljóð- og myndupptökur, jafnt úr leikhúsum, útvarpi, sjónvarpi og kvikmyndum, er tengjast leiklistarstarfsemi. Til leiklistarstarfsemi teljast m.a. leikrit, óperur, óperettur, söngleikir, listdans, brúðuleikir, revíur og skemmtiefni, svo og allar listgreinar sem tengjast flutningi leikins efnis.

### 3. gr.

#### *Stofnframlag.*

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Leikminjasafns Íslands skv. sérstökum samningum, þar sem það á við. Stefnt skal að því að stofnfé Leikminjasafns Íslands sé kr. 1.000.000. Af stofnfé varðveitist á núgildandi verðlagi kr. 581.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti. Fjárhagslegar skuldbindingar stofnunarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

## 4. gr.

*Aðalfundur, fulltrúaráð og stjórn.*

Fulltrúaráð kemur saman til aðalfundar og kýs í stjórn Leikminjasafns Íslands sjö stjórnarmenn og tvo til vara til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn alla sjö, en eftir það skal kjósa um þrjá af sjö stjórnarmönnum til þriggja ára í senn, eftir því sem líður að lokum kjörtíma sitjandi stjórnarmanna. Minnst fimm stjórnarmenn skulu vera úr hópi fulltrúa.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum hópi formann, varaformann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur. Fimm stjórnarmenn sameiginlega hafa umboð til að skuldbinda stofnunina. Enga mikilvæga ákvörðun má taka nema stjórn sé fullskipuð.

Stjórnarfundur er lögmatgur ef fjórir stjórnarmenn sækja fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundi. Halda skal fundargerðir um stjórnarfundi.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. maí ár hvert. Aðalfund skal boða bréflaga með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Á aðalfundi skal stjórnin gera fulltrúaráði grein fyrir starfsemi stofnunarinnar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga.

Á aðalfund skal boða aðalmenn og varamenn, og hafa þeir síðarnefndu málfrelsi og tilögurétt. Með fundarboði aðalfundar skal senda áritaða reikninga.

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Starfsáætlun næsta árs.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Önnur mál.

## 5. gr.

*Hlutverk stjórnar og forstöðumanns.*

Stjórn Leikminjasafns Íslands hefur með höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórninni ber að vinna að markmiðum safnsins og koma fram fyrir þess hönd á opinberum vettvangi og gagnvart þeim sem veita safninu fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum safnsins. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun safnsins og setur sér og því starfsreglur. Stjórn er heimilt að skipa sérstakt ráð til fjáröflunar eða til að vera stjórn til ráðgjafar.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að yfirfara ársreikninga stofnunarinnar og veitir viðtöku styrkjum fyrir hennar hönd. Formaður stjórnar skal sjá til þess að ársreikningur berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

Stjórnin ræður forstöðumann til að annast daglegan rekstur safnsins. Stjórnin ákveður starfskjör forstöðumanns og setur honum erindisbréf.

Forstöðumaður vinnur að framgangi þeirra verkefna sem getið er um í 2. gr. í samræmi við starfsáætlun sem stjórnin hefur samþykkt. Forstöðumaður fer með daglega stjórn fjármála stofnunarinnar í umboði stjórnar, undirbýr fjárhagsáætlun, vinnur að fjáröflun, annast reikningsskil og ræður annað starfsfólk. Óheimilt er að stofna til útgjalda eða skuldbindinga umfram heimild stjórnar. Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsis- og tillögurétti. Forstöðumaður skal sjá til þess að safnið starfi í samræmi við viðurkenndar starfs- og siðareglur safna.

## 6. gr.

*Tekjur.*

Tekjur Leikminjasafns Íslands, auk vaxta af stofnframlagi, eru frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

Stofnuninni og stjórn hennar er heimilt að afla frekari framlaga frá stofnendum og öðrum styrktaraðilum eftir því sem þurfa þykir til að framfylgja markmiðum stofnunarinnar. Stjórn er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna. Fé stofnunarinnar skal einvörðungu varið til að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við að vinna að markmiðum þeim sem skilgreind eru í 2. gr.

Gera skal einstaklingum og öðrum lögaðilum kleift að gerast styrktaraðilar stofnunarinnar. Skulu þeir greiða til hennar árlegt gjald og njóta vissra fríðinda skv. nánari ákvörðun stjórnar um styrktarmannakerfi.

7. gr.

*Reikningsár.*

Reikningsár Leikminjasafns Íslands er almanaksárið. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

*Gildistaka og breytingar á skipulagsskrá.*

Um leið og skipulagsskrá þessi tekur gildi teljast Samtök um leikminjasafn hafa lokið tilgangi sínum og hættu starfsemi. Eignir samtakanna ganga allar til Leikminjasafns Íslands sem stofnframlag.

Stjórnarmenn Samtaka um leikminjasafn undirrita stofnskrá til staðfestingar á framangreindu.

Skipulagsskrá Leikminjasafns Íslands verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fjórum vikum fyrir aðalfund. Senda skal breytingartillögur út með fundarboði aðalfundar. Tillögur skoðast samþykktar ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra manna samþykkja. Stofnunin verður einungis lögð niður ef aðalfundur samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Verði stofnunin lögð niður skal stjórn ráðstafa eignum hennar í samræmi við markmið hennar.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2003.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

# AUGLÝSING

## um staðfestingu úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2003-2004.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum hefur menntamálaráðherra hinn 14. maí 2003 staðfest úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 2003-2004 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar samhljóða á fundi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 7. maí 2003 og taka gildi hinn 1. júní 2003.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. maí 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

*Örlygur Geirsson.*

### Fylgiskjal.

#### Úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 2003 - 2004.

##### I. kafli - Lánshæft nám.

###### 1.1. Almenn.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms, við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Gestánám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Fjarnám getur verið lánshæft ef boðið er upp á a.m.k. 75% nám miðað við reglubundið skólanám.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða og hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá sjóðnum helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

###### 1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

###### 1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóli Íslands  
Háskólinn á Akureyri  
Háskólinn í Reykjavík  
Kennaraháskóli Íslands

Landbúnaðarháskólinn  
Listaháskóli Íslands  
Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild  
Tækniskóli Íslands, tæknifræði, heilbrigðisdeild og rekstrardeild  
Viðskiptaháskólinn á Bifröst

### 1.2.2. Sérnam á Íslandi.

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða uppá nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Lánshæft sérnam á Íslandi er löggilt iðnnám og annað samþykkt starfsnám á framhalds-skólastigi, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. grein 3.1.1. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhalds-skólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnáms-tíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnam beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6-8 missera nám).

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

### 1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Hið sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi sbr. 4.2.

## 1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

### 1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.8. og 4.13. um lán vegna skólagjalda.

### 1.3.2. Sérnam.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikið, að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. grein 3.1.2.

### 1.3.3. Einkanam í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. BA prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnáms tími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

#### **1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.**

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám í landi þar sem önnur tungumál eru töluð en enska og Norðurlandamál önnur en finnska. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi í sambandi við skólagjöld sbr. gr. 4.8. og hámarkssvigrúm sbr. gr. 2.4.3. hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámsstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrjú fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Finnsku, grísku, hollensku, tékknesku, ungversku o.s.frv.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru þrjú misseri eða fimm fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu. Fáí námsmaður undirbúningsnámið metið til styttingar á nýju námi kemur matið til lækkunar á einingaskuld hans.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

#### **1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.**

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

## **II. kafli - Námsframvinda.**

### **2.1. Námsstími.**

#### **2.1.1. Almennt.**

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að tvo mánuði til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan náms tíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

#### **2.1.2. Sumartími.**

Námsmaður sem flýtir námslokum með námi á sumarönn og lýkur 75% af fullu námi á venjulegri önn, skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins, á rétt á sumarláni þegar námsárangur liggur fyrir. Ekki er lánað út á lægra hlutfall, sbr. gr. 2.3.5., nema fyrir liggja staðfest námslok á árinu 2004.

Aðstoð á sumarönn reiknast sem aðstoð í eitt misseri við ákvörðun heildarsvigrúms.

## 2.2. Framvinda náms.

### 2.2.1. Almenn um námsframvindu.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka tillit til námskeiða umfram lokapróf sem nemur námi í allt að eitt misseri hafi námsmaður dvalið erlendis sem ERASMUS eða NORD-PLUS skiptinemi og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarkseininga-fjölda til lokaprófs.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á námslokum í þann anna-fjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

### 2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrra misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einungum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaður telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir lán til þess að endurtaka misserið. Skipti slíkur námsmaður hins vegar um námsbraut áður en hann hefur lokið fyrsta námsárinu með fullnægjandi hætti, þá telst hann skulda árangur sem nemur öðru láninu fyrir fyrsta misserið.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánunum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.



## **2.3. Aukið svigrúm í námi.**

### **2.3.1. Almennt.**

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

### **2.3.2. Veikindi og barnsburður.**

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi. Námsmaður sem ekki hefur áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi á þó rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein vegna lánshæfs náms, ef hann skilar fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera herra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggja læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði lækni eða lækni vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Ákvæði þessarar málsgreinar getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka eða barns hafa kallað á innlögnum á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrir en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera herra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggja fyrir í þessu tilviki. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á þeirri önn sem fæðing á sér stað, og á næstu önn fyrir fæðingu og eftir fæðingu. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm vegna einnar fæðingar ekki vera herra en 50% af árangri einnar annar.

### **2.3.3. Örorka og lesblinda.**

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju

misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

#### **2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.**

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

#### **2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.**

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

#### **2.3.6. Mat á ástundun.**

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

#### **2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.**

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

#### **2.3.8. Lágmarkseinkunn.**

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar sem hann náði ekki tilskilinni einkunn.

### **2.4. Námslengd.**

#### **2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?**

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

#### **2.4.2. Fimm ára reglan.**

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu

hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

- a) Samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri fjárhæð en 2,1 m.kr.
- b) Hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og lýkur á námsárinu öðru lokaprófi í lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskólagráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

### **2.4.3. Tíu ára reglan.**

Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsháskólanámi er átt við doktors- eða licentiatnám, meistaranám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.2.1. og 2.2.2.

### **2.4.4. Einkanám.**

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

## **2.5. Námslok.**

### **2.5.1. Almenn.**

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám á næsta skólaári þar á eftir. Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár miðast námslok þannig við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé. Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

### **2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.**

Eigi námsmaður rétt á frestun námsloka, sbr. gr. 2.5.4., skulu þau teljast á síðasta degi þess misseris sem hann lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

### **2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.**

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

### **2.5.4. Frestun námsloka.**

Stundi lánþegi lánshæft nám án þess að sækja um lán eða námsaðstoð frá sjóðnum er heimilt að fresta námslokum. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina. Eftir því sem við á skulu reglur um námsaðstoð gilda um þá umsókn, s.s. hvað varðar umsóknarfrest, gildistíma umsóknar, upplýsingar um tekjur og námsárangur.

### **2.5.5. Vafi um námslok.**

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

### III. kafli - Framfærsla og tekjur.

#### 3.1. Grunnframfærsla.

##### 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2003 - 2004 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 77.500. (Sjá nánar fylgiskjal I.)

##### 3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma skólaárið 2003 - 2004, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. (Sjá nánar fylgiskjal II.)

#### 3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1. - 4.6. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

Lán samkvæmt gr. 4.4. og greinum 4.7. - 4.12. eru til viðbótar lánum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánum samkvæmt ákvæðum greina 4.1.-4.6. eftir því sem við á.

#### 3.3. Tekjur.

##### 3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2003 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma skólaársins fram til 30. júní 2004. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 5. maí 2003.

Áhrifum tekna skal að jafnaði dreift á 9 mánuði og á einstakar annir skólaársins skv. skipulagi skóla. Ef námstími fram til 30. júní 2004 er styttri en 9 mánuðir skal dregið hlutfallslega úr tekjuáhrifunum.

##### 3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að tvöfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. fjárhæðir tilgreindar í gr. 4.1. - 4.6., enda liggi fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 7,5 mánuð á árinu.

##### 3.3.3. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2003.

##### 3.3.4. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir 1. júní 2004 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

##### 3.3.5. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

#### 3.4. Hvað telst til tekna.

##### 3.4.1. Tekjur á árinu 2003.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2003 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt greinum 4.1. - 4.12.

##### 3.4.2. Námsstyrkir.

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. grein 4.8.

### 3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Sæki námsmaður um viðbótarlán skal reikna NORDPLUS/ERASMUS styrki sem tekjur sbr. gr. 4.8.

### 3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 2003 eins og þeir eru reiknaðir af sjóðnum að teknu tilliti til reglna íslenskra skattyfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir skv. gr. 4.8. að frádregnum 32.500 kr. og föst afborgun R-, S- eða V-láns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

### 3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## IV. kafli - Lánaflokkar.

### 4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á náms-tíma en 35% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðsluseðli til skattyfirvalda eða staðfesti íbúðareign með afriti frá Fasteignamati ríkisins.

### 4.2. Lán til einstaklings sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði.

#### 4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 35% tekna umfram 238.000 kr. koma til frádráttar.

#### 4.2.2. Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá efnalitlum foreldrum upp í 100%, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

### 4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 35% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar. Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma.

### 4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Lánað er vegna meðlags á námstíma 16.000 kr. á mánuði eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 5. maí 2003.

#### **4.5. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.**

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 35% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum samannber grein 4.6.

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap/staðfesta samvist.

#### **4.6. Lán vegna maka.**

##### **4.6.1. Lán vegna maka.**

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
- b) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 35% tekna námsmanns og maka umfram 450.000 kr. til frádráttar. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til herra láns.

##### **4.6.2. Ófullnægjandi námsframvinda.**

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

#### **4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.**

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Á heilu skólaári skal lán þetta nema 40.000 kr. á Íslandi og sambærilegu hlutfalli af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

#### **4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.**

Viðbótarlán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn óskattskyldan styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.4.3.

Viðbótarlán vegna skólagjalda á Íslandi, umfram fenginn óskattskyldan styrk, eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsskólanáms.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.

Samánlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3,1 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsupphæð (sbr. gr. 5.2.2.) eldri skólagjaldalána í mynt námslands 2003-2004 miðað við gengi 5. maí 2003. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 32.500 kr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar ef námsmaður er verulega fatlaður, sbr. 1. mgr. gr. 2.3.3., getur sannanlega ekki stundað nám sitt hér á landi að óbreyttum aðstæðum og sérstakar ástæður mæla með undanþágu.

#### **4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.**

##### **4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.**

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar,

framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Einnig er heimilt að veita námsmanni, sem ekki nær að skila 75% lágmarksárangri vegna skipulags skóla, aukalán samkvæmt þessari grein, enda eigi hann rétt á láni fyrir viðkomandi misseri, sbr. grein 2.3.5. Aukalánið skal að hámarki nema framfærslu eins mánaðar.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

#### **4.9.2. Hámarkslán.**

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframfærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

#### **4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.**

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélagunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

#### **4.11. Vaxtastyrkur.**

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal greiða vaxtastyrk. Eftir haustmisseri skal styrkur nema 1,4% af framfærslu- og bókaláni, 1,8% eftir vormisseri, og 3,7% eftir sumarmisseri. Samsvarandi hlutföll fyrir fjórðungaskóla skulu vera 1,3% eftir haustfjórðung, 1,2% eftir vetrar- og vorfjórðung og 3,1% eftir sumarfjórðung.

Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

#### **4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.**

##### **4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.**

Námsmanni er heimilt að sækja um viðbótarlán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka, og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2.

##### **4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.**

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar

skólaárið 2003-2004, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 5. maí 2003.

#### **4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.**

Ferðalán vegna náms á Íslandi tekur mið af aðstæðum þegar sótt er um námslán og ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 13.900 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

#### **4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?**

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf náms tímabils eða á námstíma og heim á námstíma eða allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

#### **4.12.5. Greiðslutími ferðalána.**

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust og vorannar.

Lánið er greitt út við upphaf námstíma hjá námsmönnum öðrum en fyrsta árs nemum sbr. gr. 5.2.1.

#### **4.13. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.**

Stjórn LÍN er heimilt að veita verðtryggð námslán til allt að 10 ára með 2% álagi á lægstu bankavexti. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 500 þúsund krónur á námsári.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána. Reglur sjóðsins um undanþágur frá endurgreiðslum og niðurfellingu vegna andláts gilda ekki um lán sem veitt eru á markaðskjörum.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda út við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema sbr. gr. 5.2.1.



## V. kafli - Umsóknir og útborgun lána.

### 5.1. Umsóknir um námslán.

#### 5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í lánshæfum skólum hérlendis, skrifstofum námsmannasamtaka og sendiráðum Íslands erlendis.

#### 5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

15. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
15. maí 2004 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst.

Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 2002-2003, gilda frá upphafi námsárs. Berist framhaldsumsókn á hinn bóginn eftir 1. desember er hún ekki tekin til afgreiðslu fyrr en tveir mánuðir eru liðnir frá því að hún barst. Framhaldsumsóknir sem berast eftir 1. mars eru ekki teknar gildar.

#### 5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

#### 5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

#### 5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvörðun stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skal tilkynnt skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnsýslulögum.

#### 5.1.6. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.4.

#### 5.1.7. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldbréf fyrir hans hönd.

#### 5.1.8. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

## **5.2. Útborgun námslána.**

### **5.2.1. Útborgun námslána.**

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2003-2004 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 2005, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8. og grein 4.12. á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

Fyrsta árs nemar teljast námsmenn á fyrsta misseri í lánshæfu námi og eiga þeir ekki rétt á að lán vegna skólagjalda skv. gr. 4.8. og gr. 4.13. og ferða skv. gr. 4.12. séu greidd út fyrr en þeir hafa skilað fullnægjandi árangri við lok fyrsta misseris. Hafi námsmaður áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi telst hann ekki fyrsta árs nemi samkvæmt skilningi þessarar greinar þegar hann hefur nýtt nám.

### **5.2.2. Útreikningur lána erlendis.**

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 5. maí 2003. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi á útborgunardegi.

### **5.2.3. Staðfesting á tekjum.**

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2003 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

### **5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.**

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

### **5.2.5. Bóka- og aukalán.**

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

### **5.2.6. Hlutilán.**

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

### **5.2.7. Skuldabréf og bankareikningur.**

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

## **5.3. Um ábyrgðir á námslánnum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.**

### **5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.**

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir

strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjald-daga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgð-armanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu, vaxta, dráttar-vaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Hámarksábyrgð ábyrgðarmanns á láni til námsmanns skal að jafnaði vera 6 m.kr. Ábyrgð-armanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram þetta vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem ábyrgðarupphæð hans nær 6 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

### **5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.**

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Einungis fjárráða einstaklingar geta verið ábyrgðarmenn hjá sjóðnum en ekki löggjafar eða fyrirtæki. Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára en enginn hámarksaldur gildir um ábyrgðarmenn.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Oheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dóma-skrá vegna gjaldþrots eða annarra verulegra fjárhagsörðugleika eða þeir teljist af öðum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lán-takandi hefur fengið ásamt því sem hann kann að fá til viðbótar. Hin nýja ábyrgð getur þó ýmist verið til viðbótar fyrri ábyrgð eða samhliða henni. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp.

### **5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.**

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfurétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðar-mönnum.

Verði vanskil á námskuldd getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofan-greind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins.

Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

#### **5.3.4. Veðtrygging.**

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

#### **5.4. Greiðsla félagsgjalda.**

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánnum og greiðir til réttara aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflaga.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána og taka mið af gengi 5. maí 2003 þegar útreikningurinn er í erlendri mynt, sbr. grein 5.2.2.

#### **5.5. Breytingar á aðstoð.**

##### **5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.**

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

##### **5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.**

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

#### **5.6. Vísitandi villandi upplýsingar.**

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

#### **5.7. Ofgreidd lán.**

##### **5.7.1. Ofgreidd lán.**

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis, eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 5. maí 2003. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

### 5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnir á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

### 5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

### 5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð vegna á námsárinu.

## 5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.

### 5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### 5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur sl. árs. Í Danmörku „årsopgörelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

### 5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### 5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

## 5.9. Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

## 5.10. Vafamál.

### 5.10.1. Hlutverk stjórnar.

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókunum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

### 5.10.2. Málsmeðferð.

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

### 5.10.3. Rökstuðningur.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

#### 5.10.4. Endurupptaka.

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

#### 5.10.5. Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

### VI. kafli - Samnorrænar reglur.

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

- A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfelt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.
- B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

#### DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)  
Danasvej 30  
DK-1780 København V  
Sími: 00-45-33268600  
Bréfasími: 00-45-33268611  
Veffang: <http://www.su.dk/>

#### NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning (SLK)  
P. boks 195, Østre Aker vei 20  
N-0510 Oslo 5  
Sími: 00-47-22726700  
Bréfasími: 00-47-22642636  
Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

#### FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-20-4346770  
Bréfasími: 00-358-20-4346710  
Veffang: <http://www.kela.fi/>

#### SVÍPJÓÐ

Centrala studiestødsnämnden (CSN)  
Norra Tjärngatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 00-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60-186006  
Veffang: <http://www.csn.se/>

### VII. kafli - Lánskjör.

#### 7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

##### 7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

##### 7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

### 7.1.3. Námslok.

Þegar námslok hafa verið ákvörðuð, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyrja skuldabréfinu. Honum skal jafnframt tilkynnt um dagsetningu námsloka og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

### 7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

### 7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

### 7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfsmánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

## 7.2. Endurgreiðslutími.

### 7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar - 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

### 7.2.2. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fáí námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

## 7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla er 52.698 og miðast við vísitölu neysluverðs 177,8. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 4,75% af útsvarstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Hafi skattayfirvöld áætlað útsvarstofn greiðanda tekur viðbótargreiðslan mið af þeirri áætlun. Fáí greiðandi síðan samþykka breytingu á útsvarstofninum þarf hann að koma upplýsingum um breytinguna til sjóðsins vilji hann láta útreikning endurgreiðslu miðast við nýjan stofn. Útsvarstofn er leiðréttur í allt að fjögur ár frá gjalddaga viðbótargreiðslu. Ofgreidd fjárhæð skal endurgreidd með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnstæðum. Heimilt er að endurreikna greiðslur sem voru á gjalddaga 1. nóvember 1993 eða fyrr í allt að 10 ár frá gjalddaga.

Lánþegi sem ekki er skattskyldur af öllum tekjum sínum á Íslandi skal senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar erlendis og eftir atvikum einnig um tekjur maka. Geri lánþegi það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar ákvarðar stjórn sjóðsins honum útsvarstofn. Ákvarðaður útsvarstofn vegna gjalddaga á árinu 2003 skal samsvara tvöföldum eftirstöðvum heildarskuldur lánþegans við sjóðinn, þó aldrei lægri upphæð en 6,0 m.kr. Berist sjóðnum staðfestar tekjuupplýsingar eftir áætlaða afborgun er hún leiðrétt, sbr. ákvæði 2. mgr. hér að ofan.

## 7.4. Undanþágur.

### 7.4.1. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.

Nú gefur útsvarstofn vegna tekna á fyrra ári ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluári, vegna skyndilegra og verulegra breytinga sem hafa orðið á högum hans milli ára, t.d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Ef lánþegi gerir skriflega grein fyrir þessum breyttu högum sínum og styður hana tilskildum gögnum, er sjóðstjórn heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum.

### 7.4.2. Undanþága vegna lágra tekna.

Námsmaður sem hefur haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótar-greiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu, getur sótt um undanþágu frá fastri árgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda þessum örðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

### 7.4.3. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjölum.

Umsókn um frest á endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um frestun ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að fresta afborguninni.

### 7.4.4. Nám hafið að nýju.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

## 7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X•	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

- nefnast V-lán eftir sameiningu
- nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst



### 7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R-lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T-láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

Lánþegi sem tekið hefur lán skv. lögum nr. 21/1992 og skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal fyrst endurgreiða lán tekin skv. lögum nr. 21/1992. Á því ári sem hann lýkur endurgreiðslu láns skv. lögum nr. 21/1992 hefur hann jafnframt endurgreiðslu eldri lána og skal upphæð heildarársgreiðslu miðast við hámarksgreiðslu skv. lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum en fjárhæð ársgreiðslunnar skal þó aldrei vera hærri en full ársgreiðsla hefði verið skv. lögum nr. 21/1992.

### 7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með áorðnum breytingum.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. maí 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

### Fylgiskjal I.

#### **Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2003-2004.**

#### **Framfærslugrunnur LÍN.**

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2003-2004 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 1.347.200 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjaldaliði sem hér segir:

<b>Helstu útgjaldaliðir (sbr. vísitölu neysluverðs)</b>	<b>Framfærslu- grunnur LÍN (kr.)</b>
Matur og drykkjarvörur	258.000
Föt og skór	84.500
Húsnæði, hiti og rafmagn	334.200
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	70.200
Heilsugæsla	48.000
Ferðir og flutningar	163.100
Póstur og sími	33.600
Menntun, tómst. og menning	219.100
Ýmsar vörur og þjónusta	136.500
<b>Alls</b>	<b>1.347.200</b>

Að meðaltali hækkar framfærslugrunnurinn um 4,9% frá skólaárinu 2002-2003. Ástæða þótti til að hækka nokkra liði umfram spáða verðlagshækkun eins og t.d. „Ferðir og flutningar“ vegna 12% hækkunar fargjalda strætisvagna og „Húsnæði“ vegna 8% hækkunar húsnæðisútgjalda.

### Meðaltekjur.

Gert er ráð fyrir að einstaklingur í leiguhúsnæði hafi árið 2003 samtals kr. 839.100 í tekjur. Árið 2001 höfðu allir barnlausir lánþegar LÍN á Íslandi sem bjuggu í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði kr. 1.604.222.289 í tekjur. Um er að ræða 1998 einstaklinga sem þýðir að tekjur þeirra voru kr. 802.900 að meðaltali. Frá janúar 2002 til janúar 2003 hækkaði launavísitalan um 5,4%. Viðmiðunarlaun fyrir árið 2002 eru því kr. 846.250.

Frá janúar 2003 til janúar 2004 gerir Íslandsbanki ráð fyrir 4% hækkun launa. Miðað við spá Íslandsbanka til janúar 2004 eru áætlaðar tekjur lánþega árið 2003 kr. 846.250 x 1,04 = 880.100 kr. Frá þessu dregst kr. 41.000 sem eru áætlaðar húsaleigubætur þar sem þær mynda ekki skattstofn.

### Meðalráðstöfunartekjur.

Við ákvörðun meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi er tekið fullt tillit til skerðingar á námsláni vegna tekna samkvæmt úthlutunarreglum LÍN. Gert er ráð fyrir 300.000 kr. frítekjumarki og að skerðingarhlutfall verði 35% af tekjum umfram frítekjumark. Þetta þýðir að námsmenn hafa tekjur upp að frítekjumarki að fullu til ráðstöfunar og síðan 65% af tekjum umfram frítekjumarkið eða með öðrum orðum:

$$300.000 \text{ kr.} + 0,65(839.100 \text{ kr.} - 300.000 \text{ kr.}) = 650.415 \text{ kr.}$$

### Grunnframfærsla LÍN.

Í samræmi við tillögur framfærslunefndar frá 5. maí sl. skal grunnframfærsla LÍN, sbr. gr. 3.1.1. í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði á náms-tíma, sem telst samkvæmt nügildandi reglum almennt 9 mánuðir. Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismun framfærslugrunnsins og meðalráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði. Miðað við framangreindar forsendur verður grunnframfærsla LÍN 77.500 kr. skólaárið 2003 - 2004 (þ.e. 1/9 af 1.347.200 - 650.415 kr.). Skólaárið 2002 - 2003 var grunnframfærslan kr. 75.500. Hækkunin er því kr. 2.000 eða 2,65%.

### Fylgiskjal II.

#### Framfærsla erlendis og hámark skólagjaldalána.

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Argentína	USD	731	33.038
Austurríki	EUR	1.268	36.817
Ástralía	AUD	1.432	60.457
Bandaríkin A	USD	1.500	33.038
Bandaríkin B	USD	1.327	33.038
Belgía	EUR	816	36.817
Danmörk	DKK	7.101	273.682
England	GBP	833	22.766
London	GBP	926	22.766
Filippseyjar	USD	768	33.038
Finnland	EUR	878	36.817
Frakkland	EUR	908	36.817
París	EUR	997	36.817
Grikkland	EUR	972	36.817
Holland	EUR	863	36.817
Hong Kong	USD	988	33.038

Land	Mynt	Framfærsla	Hámark skólagjaldalána
Írska lýðveldið	EUR	985	36.817
Ítalía	EUR	1.035	36.817
Japan	JPY	166.842	4.244.831
Kanada	CAD	1.288	51.667
Kína	USD	550	33.038
Kosta Ríka	USD	821	33.038
Litháen	USD	800	33.038
Lúxemborg	EUR	778	36.817
Mexíkó	USD	1.327	33.038
Norður-Írland	GBP	833	22.766
Noregur	NOK	7.572	279.430
Nýja-Sjáland	NZD	1.731	73.117
Portúgal	EUR	647	36.817
Pólland	USD	577	33.038
Rússland	USD	913	33.038
Skotland	GBP	833	22.766
Spánn	EUR	890	36.817
Suður-Afríka	EUR	621	36.817
Sviss	CHF	2.185	53.941
Svíþjóð	SEK	8.201	340.847
Tékkland	CSK	21.884	1.114.960
Tæland	EUR	677	33.038
Ungverjaland	HUN	259.401	8.839.464
Wales	GBP	833	22.766
Þýskaland	EUR	898	36.817
München	EUR	987	36.817

### Fylgiskjal III.

#### Sérnam á Íslandi, sbr. 1.2.2. Samningsbundið iðnnám er merkt (s) og verknámsbundið (v).

	Óláns hæf misseri	Hámarks fjöldi láns hæfra missera
<b>Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar</b>		
<b>Iðngreinar</b>		
Bakaraiðn (s)	1. misserið	6
Bifreiðasmíði (v)	1. og 2. misseri	6
Bifvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Bílamálun (s)	1. misserið	5
Framreiðsla (s)	1. misserið	5
Gull- og silfursmíði (s)	1. misserið	6
Hársnyrtibraut (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (s)	1. misserið	6
Húsa- og húsgagnasmíði (v)	1. misserið	6
Kjötiðn (s)	1. misserið	6
Klæðskurður/kjólasmur (v)	1. og 2. misseri	6
Matreiðsla (s)	1. misserið	6
Málaraiðn (s)	1. misserið	6
Málmiðngreinar (fyrrri hluti)	1. og 2. misseri	2

	<b>Óláns hæf misseri</b>	<b>Hámarksfjöldi láns hæfra missera</b>
Málmiðngreinar (seinni hluti)	Ekkert	4
Meistaránám	Ekkert	1-4
Múrmíði (s)	1. misserið	6
Pípulagnir	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (s)	1. misserið	6
Rafvirkjun/rafvélavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafeindavirkjun (v)	1. og 2. misseri	6
Rafveituvirkjun (s)	1. misserið	6
Símsmíði (s)	1. misserið	6
Snyrtibraut (v)	Fornám	5
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	1. misserið	5
<b>Annað starfsnám</b>		
Félagslíðabraut	1. misserið	3
Leiðsögunám	Ekkert	2
Lyfjateknabraut	Aðfaranámið	4
Læknaritarabraut	Starfsnámið	3
Matartæknánám	1. misserið	5
Sjávarútvegsbraut	1. og 2. misseri	2
Sjúkraliðabraut	1. og 2. misseri	5
Tanntæknabraut	1. misserið	4
Tækniteiknun	1. misserið	4
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	2
Blómaskreytingabraut	Ekkert	6
Ylræktarbraut	Ekkert	6
Skógræktar- og umhverfisbraut	Ekkert	6
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	6
<b>Hólaskóli</b>		
Ferðamálabraut	Ekkert	3
Fiskeldisbraut	Ekkert	5
Hrossabraut	Ekkert	5
<b>Landbúnaðarhásk. Hvanneyri</b>		
Búnaðarnám	Ekkert	4
<b>Lögregluskólinn</b>		
Lögreglunám	Starfsnám	1
<b>Stýrimannaskólinn í Reykjavík</b>		
Skipstjórnarnám	1. og 2. misseri	7
<b>Vélskóli Íslands</b>		
Vélstjórnarbraut (4. stig)	1. og 2. misseri	8
<b>Tannsmiðaskóli Íslands</b>		
Tannsmíðanám	Starfsnámið	6
<b>Tækniskóli Íslands</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	4
Iðnfræðinám	Ekkert	3
<b>Viðskiptaháskólinn á Bifröst</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	2

	<b>Óláns hæf misseri</b>	<b>Hámarksfjöldi láns hæfra missera</b>
<b>Myndlistaskólinn á Akureyri</b>		
Myndlist	Ekkert	6
Grafísk hönnun	Ekkert	6
<b>ATS-skólinn</b>		
Flugumferðarstjórnarnám	Ekkert	4
<b>Tónlistarskólar</b>		
Hljóðfæra- og söngnám, 7.- 8. stig	Ekkert	6
Burtfarar-, einleikara-, einsöngspróf	Ekkert	2 - 6
Kennaradeildir	Ekkert	6
Tónfræðadeild	Ekkert	6

## REGLUGERÐ

### um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

#### I. KAFLI

##### Hlutverk.

##### 1. gr.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) er fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir fjármálaráðherra.

##### 2. gr.

ÁTVR hefur með höndum eftirtalin verkefni:

- a. Innkaup á áfengi.
- b. Birgðahald og dreifingu á áfengi til vínbúða.
- c. Rekstur vínbúða.
- d. Innkaup, innflutning, heildsölu og dreifingu á tóbaki.
- e. Framleiðslu á neftóbaki.

##### 3. gr.

ÁTVR skal sinna verkefnum sem versluninni eru falin í 2. gr. í samræmi við lög nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, áfengislög nr. 82/1969, með síðari breytingum og reglugerð þessa. Starfsemi ÁTVR skal miða við að hún sé sem hagkvæmust og afli tekna, sem nægi til að greiða rekstrarkostnað og skila arði sem telst hæfilegur, m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri hennar.

#### II. KAFLI

##### Stjórn.

##### 4. gr.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn ÁTVR til tveggja ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.

## 5. gr.

Yfirstjórn ÁTVR er í höndum stjórnar í umboði ráðherra. Stjórnin markar stefnu og samþykkir starfsáætlun og rekstraráætlun hvers árs að fenginni tillögu forstjóra. Hún hefur eftirlit með rekstri. Hún kynnir ráðherra starfsáætlun, rekstraráætlun og skýrslu forstjóra um starfsemi og afkomu ÁTVR.

## 6. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Fundir stjórnar eru lögmætir ef a.m.k. tveir stjórnarmanna eru á fundinum. Ákvarðanir stjórnar skulu færðar til bókar. Forstjóri ÁTVR situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

## 7. gr.

Rísi ágreiningur á stjórnarfundi um afgreiðslu einstakra mála sem stjórnin fjallar um, getur hver stjórnarmanna eða forstjóri óskað þess að málið verði lagt fyrir ráðherra.

## 8. gr.

Ráðherra skipar forstjóra ÁTVR. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri. Hann ræður starfsfólk og ákveður starfs svið þess í samræmi við þarfir verslunarinnar. Hann ber ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum, semur starfsáætlun og rekstraráætlun fyrir hvert ár í samráði við stjórnina og leggur þær fyrir stjórnina til samþykktar. Hann semur árlega skýrslu um starfsemi og afkomu og kynnir stjórninni hana. Hann sér um framkvæmd þeirra mála sem stjórnin felur honum og kemur fram út á við fyrir hönd ÁTVR.

## III. KAFLI

**Innkaup og sala áfengis.**

## 9. gr.

Ákvarðanir um innkaup áfengis skulu byggjast á reglum um vöruval sbr. 10. gr. og reglur um birgðahald er stjórnin setur.

Hagkvæmnissjónarmið ráða því af hvaða aðila áfengi er keypt og leita skal verðboða, bjóði fleiri en einn birgir sömu vöru.

Við mat á hagvæmni innkaupa skal miðað við afhendingarverð til aðalbirgðastöðvar ÁTVR í Reykjavík. Þó skal heimilt að semja sérstaklega um afhendingu á öðrum stöðum, sé það hagkvæmt að mati ÁTVR og leiði ekki til hækkunar á dreifingarkostnaði.

## 10. gr.

*Vöruval áfengis.*

Stjórn ÁTVR skal setja sérstakar reglur um val á vöru til sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum. Reglurnar skulu hljóta staðfestingu ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum.

## 11. gr.

Í vöruvalsreglum ÁTVR um áfengi skal sölutegundum áfengis, sem ÁTVR hefur á boðstólum, skipt í eftirtalda söluflokka eftir sölumedeferð: kjarna, reynsluflokk, mánaðarflokk og sérflokk. Áfengi í kjarna og í reynsluflokki skal einnig skipt upp í vöruflokk eftir þeim megin Einkennum sem áfengið hefur vegna framleiðsluaðferða eða hráefnis sem notað var við framleiðsluna. Heimilt er að skipta einstökum vöruflokkum frekar upp, t.d. eftir uppruna. Einnig er heimilt að kveða á um hámarksstærð og lágmarksstærð umbúða sölutegunda í einstökum vöruflokkum.

## 12. gr.

Nýrri vöru, sem tekin er til ótímabundinnar sölu og ekki telst til sérflokks sbr. 15. gr., skal skípa í reynsluflokk. Í sölureglum ÁTVR skal kveðið á um þann árangur, sem ná þarf í sölu til að vara komist í varanlega sölu, haldist innan reynsluflokks eða dugi ekki til að sölu verði haldið áfram.

Í sölureglum skal kveða á um þann söluárangur sem ná þarf í sölu vöru, sem skráð er til varanlegrar sölu þ.e. í söluflokkinn kjarna til þess að hún haldist í söluflokknum.

## 13. gr.

ÁTVR getur haft til sölu í vínbúðum sínum áfengistegundir, sem hvorki eru í kjarna né reynsluflokki, ef þær eru sérstaklega ætlaðar til sölu á ákveðnum árstímum, enda séu þær að innihaldi frábrugðnar öðrum áfengistegundum frá sama áfengisframleiðanda og hefð fyrir sölu þeirra á ákveðnum árstíma. Þær áfengistegundir sem boðnar eru til sölu með þessum hætti skulu flokkast í mánaðarflokk. Tilgreina skal sölutíma í sölureglum ÁTVR.

## 14. gr.

Auk vöru í kjarna, reynsluflokki og mánaðarflokki getur ÁTVR haft á boðstólum í einni eða fleiri vínbúðum sínum áfengistegundir, sem ekki teljast til þessara flokka, en nauðsynlegt þykir að bjóða til sölu til að tryggja viðunandi fjölbreytni í vöruúrvali og þjóna eftirspurn kaupenda. Áfengistegundir seldar með þessum hætti skulu flokkast í sérflokk.

## 15. gr.

ÁTVR skal halda uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið til sölu skv. ákvæðum 12.-15. gr.

Í sölureglum skal nánar kveðið á um sölu áfengis í pöntunarþjónustu m.a. um þá tryggingu sem sá er pantar vöru setur fyrir því að af viðskiptum verði.

## 16. gr.

ÁTVR skal semja skrá um framlegð allra sölutegunda áfengis. Með framlegð er átt við mun söluverðs og innkaupsverðs. Framlegðarskrá sýni framlegð vöru á 12 mánaða tímabili. Framlegð sexhundruðustu vöru á framlegðarskrá skal notuð til viðmiðunar um framtíð vöru í verslunum ÁTVR eftir því sem nánar verður kveðið á um í sölureglum.

## 17. gr.

Vöruvalsreglur skulu jafnan endurskoðaðar fyrir 1. mars ár hvert í ljósi fenginnar reynslu og í því skyni að ná fram markmiðum þeim er fram koma í 10. gr. Að lokinni endurskoðun hverju sinni skulu reglurnar staðfestar af ráðherra á ný og birtar í heild.

## 18. gr.

*Birgðahald áfengis.*

ÁTVR skal halda birgðir af áfengi eftir því sem eftirspurn gefur tilefni til. Birgðahald hvernar sölutegundar skal einnig miðað við það sem hagkvæmt er með tilliti til aðfangakostnaðar og geymslukostnaðar, þ.m.t. fjárbindingar í birgðum.

## 19. gr.

*Vínbúðir.*

ÁTVR rekur vínbúðir, þar sem áfengi er selt í smásölu.

Ákvarðanir er varða rekstur á einstökum vínbúðum, t.d. um afgreiðslutíma, mannahald o.fl. skulu teknar með hliðsjón af því, hvað er hagkvæmt á hverjum stað.

## 20. gr.

Komi fram tillaga eða ósk um opnun vínbúðar frá sveitarstjórn, skal stjórn ÁTVR gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni og ráðherra síðan taka endanlega ákvörðun í málinu. Stjórn ÁTVR getur einnig átt frumkvæði að tillögugerð til ráðherra um opnun, lokun eða flutning vínbúðar.

## 21. gr.

*Verðlagning áfengis.*

Verð á einstökum sölutegundum áfengis skal vera hið sama í öllum vínbúðum ÁTVR.

## 22. gr.

Verð á áfengi frá vínbúð skal ákveðið þannig að við afhendingarverð frá birgjum skal bætt álagningu, sem ákveðin er með tilliti til kostnaðar við smásöludreifingu og þess að hún skili arði sem telst hæfilegur m.a. með tilliti til þeirra eigna sem bundnar eru í rekstri ÁTVR. Álagningarhlutfallið skal vera hið sama innan hvers álagningarflokks, sbr. 24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að lækka tímabundið smásöluverð vöru sem felld hefur verið úr kjarna, sbr. 13. gr.

## 23. gr.

Við ákvörðun álagningarhlutfalla skv. 1. mgr. 23. gr. skal áfengi skipt upp í þrjá álagningarflokka, bjór, áfengi til og með 22% vínanda miðað við rúmmál og aðra áfenga drykki. Hverjum álagningarflokki má skipta upp í undirflokka eftir sölumagni, veltuhraða og eðli vöru. Skal álagning reiknuð fyrir hvern undirflokk um sig og vera hin sama fyrir allar sölutegundir innan hans. Vöru í reynsluflokki, sérflokk og sérpantað áfengi skal verðleggja með sérstöku aukaálagi.

Fjármálaráðuneytið ákveður þær hlutfallstölur, sem notaðar eru við verðlagningu.

## 24. gr.

Við sölu á áfengi sem undanþegið er áfengisgjaldi eða ber lækkað áfengisgjald skv. 7. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, sbr. 13.-16. gr. reglugerðar nr. 477/1995, um áfengisgjald, skal álagning ÁTVR vera hin sama í krónum talin og við sölu á gjaldskyldu áfengi.

## IV. KAFLI

**Innkaup og sala tóbaks.**

## 25. gr.

Ákvarðanir um innkaup tóbaks skulu byggjast á reglum um vöruval sem stjórn ÁTVR setur. Reglur um innkaup, vöruval og dreifingu tóbaks skulu settar eftir sömu meginmarkmiðum og tilgreind eru um áfengi í reglugerð þessari og með þeim frávikum sem einkaréttur ÁTVR til innflutnings og framleiðslu tóbaks leiðir af sér. Við val á tóbaksvöru er ÁTVR óbundið af notkun framlegðarskrár, sbr. 17. gr. en getur þess í stað notað skrá um magn seldrar vöru, þyki það betur henta.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 26. gr.

Stjórnarmenn, forstjóri og allir starfsmenn ÁTVR eru bundnir þagnarskyldu um öll þau atriði er þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.



27. gr.

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og lög nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun. Ráðherra staðfestir ársreikning að lokinni endurskoðun.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. maí 2003.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Telma Halldórsdóttir.*

Nr. 370

## REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 2002.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 2002.**

<b>Tekjur</b>	Kr.
Vextir af bankainnstæðum .....	5.331,08
	<u>5.331,08</u>
<b>Gjöld</b>	
Fjármagnsskattur .....	532,00
Tekjur umfram gjöld .....	4.799,08
	<u>5.331,08</u>
<b>Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2002.</b>	
<b>Eignir</b>	
Bankainnstæður .....	84.790,89
	<u>84.790,89</u>
<b>Skuldir</b>	
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>	
Hrein eign pr. 1. janúar 2002 .....	79.991,81
Hreinar tekjur árið 2002 .....	4.799,08
	<u>84.790,89</u>

*Samgönguráðuneytinu, 9. maí 2003.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

**REIKNINGUR****Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2002.****Rekstrarreikningur fyrir árið 2002.**

<b>Tekjur</b>	Kr.
Vextir af bankainnstæðum .....	9.995,19
	<u>9.995,19</u>
<b>Gjöld</b>	
Fjármagnsskattur .....	998,00
Tekjur umfram gjöld .....	8.997,19
	<u>9.995,19</u>

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2002.**

<b>Eignir</b>	
Bankainnstæður .....	168.530,39
	<u>168.530,39</u>
<b>Skuldir</b>	
Hrein eign pr. 1. janúar 2002 .....	159.533,20
Hreinar tekjur árið 2002 .....	8.997,19
	<u>168.530,39</u>

*Samgönguráðuneytinu, 9. maí 2003.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

16. maí 2003

Nr. 372

**AUGLÝSING****um hættumat fyrir Ísafjörð og Hnífsdal.**

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 9. maí 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættumats og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. maí 2003.***Siv Friðleifsdóttir.**Magnús Jóhannesson.

## REGLUGERÐ

## um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - vöruliðir</b>				
<b>Tollnúmer:</b> 0202.3002	Lundir	01.07.03 - 30.06.04		
0202.3003	Hryggvöðvar	01.07.03 - 30.06.04	0	522
0202.3004	Vöðvar af læri	01.07.03 - 30.06.04	0	522
<b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað, þurrkað eða reykt:</b>				
<b>Tollnúmer:</b> 0210.2001	Beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	318
<b>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</b>				
<b>Tollnúmer:</b> 0203.2903	Hakkað	01.07.03 - 30.06.04		
0203.2904	Lundir	01.07.03 - 30.06.04	0	424
0203.2905	Hryggvöðvar	01.07.03 - 30.06.04	0	424
0203.2906	Vöðvar af læri	01.07.03 - 30.06.04	0	424
0203.2909	Annað	01.07.03 - 30.06.04	0	424
<b>Úr tollnr.:</b> 0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	303
<b>Tollnúmer:</b> 0210.1901	Reykt - beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	344
<b>Úr tollnr.:</b> 0210.1909	Annars - beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	344
<b>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</b>				
<b>Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:</b>				
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04	0	156
0207.1401	Beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	156
0207.1402	Lifur	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.1409	Annað	01.07.03 - 30.06.04	0	156
<b>Af kalkúnnum:</b>				
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.2701	Beinlaust	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.2702	Lifur	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.2709	Annað	01.07.03 - 30.06.04	0	214
<b>Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:</b>				
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.03 - 30.06.04	0	214

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0207.3601	Annað: Beinlaust, (úrbeinað, fryst).	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.3602	Lifur	01.07.03 - 30.06.04	0	214
0207.3609	Annað, (skorið í hluta fryst).	01.07.03 - 30.06.04	0	214
<b>Annað kjöt, fryst - vörulíður 0208:</b>				
<b>Tollnúmer:</b>	<i>Hreindýrakjöt</i>	9.000		
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.03 - 30.06.04	0	492
0208.9008	Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.03 - 30.06.04	0	492
<b>Úr tollnr.:</b>				
0208.9009	Annars - Dádýr, dúfur, fasanar, lynghænur og strútar, fryst	01.07.03 - 30.06.04	4.000	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 858/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

## 1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.07.-31.12.03	2.500	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.07.-31.12.03	125.000	30	0

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildir.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.03 - 30.06.04	53.000	0	210
b)	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.03 - 30.06.04		0	149
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.03 - 30.06.04		0	149

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.03 - 30.06.04		0	112
0406.4000	Gráðostur	01.07.03 - 30.06.04		0	171
0406.9000	Annar ostur	01.07.03 - 30.06.04		0	167

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildir og gildir til 1. júlí 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<b>Tollnúmer:</b>	<b>Kjötvörur úr vörulið 1602:</b>		86.000		
1602.1001	Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	88
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	88
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.03 - 30.06.04	-	0	123
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.03 - 30.06.04	-	0	123
1602.2019	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	44
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.03 - 30.06.04	-	0	123
1602.2022	Annað, meira en 20% til og með 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	78
1602.2029	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	26
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3109	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	115
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3209	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	115
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.03 - 30.06.04	-	0	214
1602.3909	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.03 - 30.06.04	-	0	550
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	343
1602.4109	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.03 - 30.06.04	-	0	412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	247
1602.4209	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.03 - 30.06.04	-	0	511
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	307
1602.4909	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	102
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.03 - 30.06.04	-	0	382
1602.5002	Meira en 20% til og með 60% úr kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	304
1602.5009	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	442

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
1602.9012	Meira en 20% til og með 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	265
1602.9019	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.03 - 30.06.04	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60% af kjöti	01.07.03 - 30.06.04	-	0	265
1602.9029	Annað	01.07.03 - 30.06.04	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 416/2002, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

### 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 65 gr. og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2004.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Atli Már Ingólfsson.*



# REGLUGERÐ

## um flugráð.

### 1. gr.

Flugráð er sjálfstætt ráð sem fer með tvíþætt hlutverk. Annars vegar hefur það lögbundna umsagnaraðild skv. 8. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og hins vegar er flugráð samgönguráðherra og flugmálastjóra til ráðuneytis um flugmál.

### 2. gr.

Leita skal umsagnar flugráðs um stefnumarkandi ákvarðanir í flugmálum. Til slíkra ákvarðana heyra t.a.m. skipulagsbreytingar á verksviði flugmálafyrivalda, ráðgerðar breytingar á loftferðalögum og öðrum lögum um flugmál. Kynna skal nýja milliríkjasamninga er varða flugmál fyrir flugráði.

### 3. gr.

Innan fjárhagsramma sem samgönguráðherra setur, leggur flugmálastjóri drög sín að flugmálaáætlunarkafla samgönguáætlunar og fjögurra ára áætlunar hennar sbr. lög nr. 71/2002 fyrir flugráð í samræmi við ákvæði laga nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum með síðari breytingum.

Að lokinni umfjöllun sinni um tillögur flugmálastjóra sendir flugráð samgönguráðherra umsögn sína.

Samgönguráðherra skal senda flugráði til umsagnar tillögur samgönguráðs að samgönguáætlun og fjögurra ára áætlun hennar áður en þær eru lagðar fram til afgreiðslu Alþingis og skal flugráði ætlaður eðlilegur tími til slíkrar umfjöllunar.

Flugmálastjóri skal ávallt leita umsagnar flugráðs um tillögur að breytingum eða tilfærslum innan flugmálakafla samgönguáætlunar áður en slíkar tillögur eru sendar samgönguráðuneytinu.

### 4. gr.

Flugmálastjóri skal leggja fjárlagatillögur sínar fyrir flugráð til umsagnar áður en þær eru sendar samgönguráðuneytinu. Jafnframt skal hann leita umsagnar ráðsins um rekstraráætlanir stofnunarinnar ár hvert og gera ráðinu grein fyrir hvernig þær standast.

Þá skal flugmálastjóri ársfjórðungslega kynna rekstraruppgjör Flugmálastjórnar fyrir flugráði og kynna ársreikning stofnunarinnar fyrir lok maí ár hvert.

### 5. gr.

Drög að reglugerðum er varða flugmál, eru alla jafnan send flugrekendum og öðrum hagsmunaaðilum til umsagnar og hæfilegur frestur veittur til athugasemda. Jafnframt skal senda drögin til flugráðs. Þegar umsagnir hafa borist skulu þær sendar flugráði sem hefur þær til hliðsjónar við gerð umsagnar sinnar til ráðuneytis. Sama verklag skal gilda um útgáfu eða breytingar á gjaldskrá er varða flugmál.

### 6. gr.

Flugráð skal veita umsögn í þeim málum sem samgönguráðuneyti eða Alþingi senda því til umfjöllunar. Umsagnir flugráðs um mál sem Alþingi beinir til þess skulu jafnframt sendar samgönguráðuneyti.

## 7. gr.

Flugráð tekur til umfjöllunar önnur þau mál sem ráðið telur rétt að fjalla um, enda falli sú umfjöllun innan ramma 4. mgr. 8. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, ásamt síðari breytingum.

## 8. gr.

Flugráð skal funda að jafnaði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði en heimilt er að halda aðeins einn fund á tímabilinu júní til ágúst. Fundi skal að öðru leyti halda eftir þörfum. Formaður boðar fundi og stýrir þeim. Skylt er formanni að boða til fundar, ef samgönguráðherra, flugmálastjóri eða tveir flugráðsmenn óska eftir því.

Flugmálastjóri situr fundi flugráðs með málfrelsi og tillögurétt ásamt þeim starfsmönnum Flugmálastjórnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Ennfremur skal fulltrúi samgönguráðuneytisins sem fer með flugmál, sitja fundi flugráðs með málfrelsi og tillögurétt. Flugvallarstjórinn á Keflavíkurflugvelli skal jafnan boðaður á fundi flugráðs þegar málefni sem snerta Keflavíkurflugvöll eru á dagskrá. Flugráð getur eftir því sem ástæða þykir til boðað aðra aðila á einstaka flugráðsfundi.

## 9. gr.

Flugráð velur ritara innan ráðsins, eða ræður mann sérstaklega til þess að færa í gerðabók ályktanir ráðsins og annað það sem miklu þykir skipta af því sem fram fer á fundum þess. Bóka skal tiltekin ummæli sé þess sérstaklega óskað af fundarmanni. Að loknum fundi skal svo fljótt sem auðið er, fundargerð send flugráðsmönnum, varamönnum þeirra, samgönguráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Flugmálastjórn. Fundargerð flugráðs skal undirrituð af formanni ráðsins og ritara þess.

Flugráð skal í síðasta lagi í mars ár hvert skila samgönguráðherra ársskýrslu um störf þess fyrir liðið ár.

## 10. gr.

Fundarboði í flugráð skal fylgja dagskrá og fundur er lögmætur og ályktunarbær ef hann er löglega boðaður og meirihluti flugráðsmanna sækir fund. Ef flugráðsmaður forfallast skal kveðja til varamann hans. Ályktanir og/eða umsagnir flugráðs eru því aðeins lögmætar, að meirihluti flugráðsmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Um afl atkvæða fer skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir.

## 11. gr.

Flugráð getur skipt með sér verkum eftir því sem henta þykir, t.d. skipað starfshópa til að hafa með höndum undirbúning einstakra mála. Tillögur og ályktanir þeirra skulu lagðar fyrir flugráð til samþykktar.

## 12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar falla úr gildi starfsreglur fyrir flugráð nr. 235/1976.

*Samgönguráðuneytinu, 9. maí 2003.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## REGLUGERÐ

### um (3.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

#### 1. gr.

Við 13. grein bætast eftirtaldar málsgreinar:

Um umsóknir um greiðsluþátttöku almannatrygginga, sbr. 1. mgr., fer samkvæmt reglugerð nr. 128/2002 um greiðsluþátttökunefnd.

Umsókn um greiðsluþátttöku almannatrygginga, sbr. 2. mgr., skal send heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um ATC-flokk lyfsins, lyfjaform, styrkleika og virkt lyfjaefni, ef um nýtt samheitalyf er að ræða. Að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins er umsókn afgreidd í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Hið sama gildir um lyf, sem veitt hefur verið markaðsleyfi og hefur áður verið á markaði eða inniheldur virkt lyfjaefni, sem er í lyfi sem áður hefur haft markaðsleyfi.

Rökstudd ákvörðun um greiðsluþátttöku almannatrygginga, sbr. 2. mgr., skal tilkynnt umsækjanda eigi síðar en 180 dögum frá móttöku umsóknar. Hafi umsækjandi ekki látið nauðsynlegar upplýsingar fylgja umsókn sinni skal honum tjáð hvaða upplýsingar vantar. Í slíkum tilvikum skal ákvörðun liggja fyrir og tilkynnt umsækjanda eigi síðar en 90 dögum eftir að viðbótarupplýsingar bárust. Ákvörðun skal þó ekki tekin fyrr en ákvörðun um lyfjaverð liggur fyrir. Greiðsluþátttaka almannatrygginga skal birt í sérlyfjaskrá og lyfjaverðskrá.

Allar ákvarðanir um greiðsluþátttöku almannatrygginga og breytingar á henni, samkvæmt reglugerð þessari, ásamt áliti sérfræðinga eða tilmæli sem ákvarðanirnar byggjast á, skulu kynntar handhöfum markaðsleyfa þeirra lyfja sem þær varða. Þá skulu þeim kynnt þau lagaúrræði sem þeir geta nýtt sér samkvæmt gildandi lögum og sá frestur sem þeir hafa til þess.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c-lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. maí 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu á Austur-Héraði.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 8. og 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði, nr. 461/2002 og í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

## 2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, svo og á hvert fyrirtæki, kr. 13.350.
- B. Á hvert frístundahús, sorpförgunargjald, kr. 5.340.

## 3. gr.

Gjald sem ákvarðað er af bæjarstjórn samkvæmt tillögum Sorpeyðingar Miðhéraðs vegna förgunar annars sorps en heimilissorps, þ.e. framleiðsluúrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum, sbr. 7. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði, fer eftir vigt og er innheimt af sveitarfélaginu.

## 4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 2. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 13. janúar 2003 og samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs sama dag, er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og heimild í 8. og 9. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Austur-Héraði nr. 461/2002, til að öðlast gildi við birtingu.

*Egilsstöðum, 16. apríl 2003.*

**Pórhallur Pálsson,**

forstöðumaður umhverfisviðs Austur-Héraðs.

## GJALDSKRÁ

### vegna hunda- og kattahalds á Austur-Héraði.

## 1. gr.

Hunda- og kattaeygendur sem búsettir eru innan þéttbýlisstaðanna Egilsstaða, Hallormsstaðar og Eiða skulu greiða leyfisgjald skv. lið b, gr. 2.1 í samþykkt um hundahald á Austur-Héraði nr. 318/2000 og sbr. lið b, 2. gr. samþykktar um kattahald á Austur-Héraði nr. 328/2000, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

## 2. gr.

Af hundum skal innheimta hundaleyfisgjald skv. 1. gr. að upphæð kr. 8.000 á hvern hund á ári.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjald að upphæð kr. 4.500 á hvern kött á ári.

Heimilt er að lækka hunda- og kattaleyfisgjald sem nemur ársiðgjaldi ábyrgðartryggingar dýrsins.

Fyrir endurnýjað skráningarmarki hunds eða kattar skal greiða kr. 500.

## 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald og samþykkt um kattahald á Austur-Héraði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflífun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða kr. 4.000 og að auki kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem dýr hefur verið í vörslu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflíf-unarkostnað.

## 4. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 16. desember 2002 til að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald á Austur-Héraði nr. 64/2001.

*Egilsstöðum, 16. apríl 2003.*

**Pórhallur Pálsson,**

forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

*„Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Hraunbrúnar 22.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Hraunbrúnar 22 í Hafnarfirði.

*„Hvaleyrahraun“ vegna skilmála fyrir bílskúra við Hamrabyggð.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hvaleyrahraun“ vegna skilmála fyrir bílskúra við Hamrabyggð í Hafnarfirði.

*„Hörðuvellir / Reykdalsreit“ vegna færslu á dreifistöð við Sólvangsveg.*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 4. mars 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hörðuvelli / Reykdalsreit“ vegna færslu á dreifistöð við Sólvangsveg í Hafnarfirði.

Farið var með breytingarnar skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 13. maí 2003.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.

## AUGLÝSING

um (3.) breytingu á gjaldskrá, nr. 109/2001, fyrir markaðsleyfi, árgjöld og önnur leyfisgjöld fyrir lyf og skyldar vörur, sem Lyfjastofnun innheimtir.

1. gr.

Viðauki I við gjaldskrána orðast svo:

### Flokkar gjalda.

Flokkur: Lyf fyrir menn	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	115.500 23.000
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	86.500 17.500
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf. Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	58.000 11.500
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika) Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	34.500 7.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	13.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	29.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	6.000
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	34.500 11.500
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	16.800
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.500

Flokkur: Lyf fyrir dýr	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt sérlyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	46.000 11.500
Umsókn um nýtt sérlyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	23.000 11.500

<b>Flokkur: Lyf fyrir dýr</b>	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs lyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf. Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	23.000
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	6.000
Umsókn um lyfjaleifar (MRL) og nýja dýrategund	23.000
Umsókn um samhliða lyf (eitt lyfjaform í einum styrkleika)	23.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II minni breyting	11.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund II umtalsverð breyting	17.500
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis lyfs, tegund I	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis lyfs	23.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	11.500
Árgjald dýrallyfja fyrir hvern styrkleika lyfja	11.500
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	13.500

<b>Flokkur: Náttúrulyf</b>	Gjald í kr.
Umsókn um nýtt náttúrulyf, nýtt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	35.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	18.000
Umsókn um nýtt náttúrulyf, þegar skráð virkt efni (eitt lyfjaform í einum styrkleika). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	25.000
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	6.000
Umsókn um nýtt lyfjaform/styrkleiki þegar skráðs náttúrulyfs, breyting á virkum efnum, ný ábending, ný aðferð við gjöf ). Landsskráning og sem þáttökuland í ferli um gagnkvæma viðurkenningu	17.500
Viðbótar lyfjaform/styrkleiki	5.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II minni breyting	10.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund II umtalsverð breyting	15.000
Umsókn um breytingu á skilmálum markaðsleyfis náttúrulyfs, tegund I	3.500
Endurnýjun markaðsleyfis náttúrulyfs	17.500
Auka lyfjaform (í einum styrkleika)/styrkleiki	9.000
Árgjald fyrir hvern styrkleika/lyfjaform	5.000
Flutningur markaðsleyfis til óskylds aðila	10.000

<b>Flokkur: Smáskammtalyf</b>	Gjald í kr.
Umsókn um smáskammtalyf, skráning	8.000
Viðbótarþynning	1.200
Umsókn um smáskammtalyf sem ekki hafa markaðsleyfi í öðru EES-aðildarríki	29.000
Viðbótarþynning	6.000
Árgjald	1.200

<b>Flokkur: Fæðubótarefni, náttúruvörur</b>	Gjald í kr.
Umsókn um faglegt mat á skaðlegum eiginleikum (skaðleysi)	6.000

<b>Flokkur: Klínískar lyfjaprófanir o.fl.</b>	Gjald í kr.
Klínísk lyfjaprófun	34.500
Klínísk frásogsprófun	17.500
Umtalsverð breyting á lyfjaprófun	10.000

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. maí 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## TILKYNNING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verði sem hér segir frá og með 1. júní 2003 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,40 kr. á lítra
gasolía	0,66 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	1,00 kr. á kg
flugvélabensín	0,75 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 20. maí 2003.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*















	Bentason <sup>47</sup>	Dimetóat	Formotion	Gamma-HCH	Kvintozen	Oxydemton-metýl	Paration	Permetrín	Pýridat <sup>48</sup>
11. Fita sem er í kjöti og kjötvörur (C)					0,01*		0,05*		
Alifuglakjöt				0,7 (1)					
Kindakjöt									
Kjúklingar									
Svínakjöt									
Svínányru									
Nautgripakjöt									
Geitakjöt									
Nautgripa-, geita- og kindányru									
Nautgripa- og kindalifur									
Annað				0,02 (2)					
12. Egg (D)	0,05* (t)			0,1 (1)	0,01*	0,02*	0,05*		0,05* (t)
13. Fiskur og fiskafurðir (E)									

(t) Fyrir bentason og pýridat skulu tímabundnu gildin vera ákvörðuð 4 árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

47) Bentasón (summa bentasóns og samrunaefnasambanda 6-OH- og 8-OH-bentasóns, gefin upp sem bentasón)

48) Pýridat (summa pýridats, vatnsrofsafurðar þess CL 9673 (6-klór-4-hýdroxý-3-fenýlprídasín) og vatnsrjúfanleg samrunaefnasambönd CL 9673, gefin upp sem pýridat)

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til XII. kafla, II. viðauka (tilskipun nr. 2002/42/EB, 2002/66/EB og 2002/71/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 9. maí 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

# REGLUR

## um verklag varðandi málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Tilgangur reglna þessara er að skilgreina verklag í ráðningarmálum þeirra starfsmanna Háskóla Íslands (H.Í.) og Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) sem hafa starfsskyldur gagnvart báðum stofnunum á grundvelli samstarfssamnings þeirra, sem gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi á sviði starfsmannamála.

##### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í þessum verklagsreglum gilda eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum:

Með *heilbrigðisvísindagreinum* er átt við fræðigreinar innan eftirtalinna háskóladeilda: læknaeild, hjúkrunarfræðideild, tannlæknaeild og lyfjafræðideild.

Með *háskólamanni* er átt við starfsmann Háskóla Íslands sem ráðinn er á grundvelli 11. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sem háskólakennari með starfsheitið prófessor, dósent eða lektor eða sérfræðingur með starfsheitið vísindamaður, fræðimaður eða sérfræðingur.

Með *starfstengslum* er átt við réttindi og skyldur sem háskólamaður fær á LSH á grundvelli samstarfssamnings H.Í. og LSH, sbr. og 11. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sem gerir ráð fyrir tengdum störfum.\* Starfstengsl geta verið tvenns konar:

- a) *Tengd staða* sbr. 5. gr. þessara reglna. Felur í sér að háskólamanni er veitt tiltekin aðstaða á LSH án ráðningarsamnings við sjúkrahúsið. Um er að ræða þá aðstöðu sem háskólamanninum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknahlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart LSH hefur viðkomandi háskólamaður þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs eða fræðigreinar innan sjúkrahússins.
- b) *Samhliða starf* sbr. 6. gr. þessara reglna. Felur í sér að háskólamaður hafi frekari starfstengsl við LSH en felast í tengdri stöðu. Slík starfstengsl byggjast á því að háskólamaður sé ráðinn sérstaklega í starf stjórnanda eða sérfræðings sem auglýst er og ráðið í af LSH samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins.

Með *klínískum stjórnanda* er átt við stjórnanda sem ber ábyrgð á skipulagningu klíníks starfs og fjárhagslegum rekstri stjórnunareiningar innan stjórnskipulags LSH, samkvæmt nánari útfærslu í starfslýsingu viðkomandi starfsmanns.

Með *fræðasviði* er átt við skipulagslega einingu í stjórnun kennslu og rannsókna í H.Í. Á hverju fræðasviði eru ein eða fleiri fræðigreinar.

Með *fræðigreini* er átt við einstakar fageiningar innan fræðasviða, þar á meðal eiginlegar kennslugreinar innan heilbrigðisvísindadeilda H.Í.

\* Í 1. mgr. 11. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 sbr. 2., 4. og 5. mgr. 30. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 er heimilt að háskólamaður með hæfnisdóm gegni, samhliða starfi sínu við Háskólann, öðru starfi við stofnun sem hefur tengsl við eitthvert af fræðasviðum Háskólans.

Áskilið er skv. niðurlagi 4. mgr. og 5. mgr. 30. gr. reglnanna að samningur sé gerður milli stofnana um tengda starfið, þ.e. um fyrirkomulag launagreiðslna, starfsskyldur og réttindi starfsmannsins við Háskólann auk þess hvar hann njóti starfsaðstöðu. Ennfremur hvernig fari um starfslok starfsmannsins, meðal annars ef hann á samningstímabilinu hættir störfum hjá stofnuninni.



Þar sem í reglunum er vísað til *samstarfssamnings* er átt við samstarfssamning Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss um uppbyggingu háskólasjúkrahúss, kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindagreinum, sem undirritaður var þann 10. maí 2001 og viðbótarsamning, sem undirritaður var 28. júní 2002.

Þar sem í reglunum er vísað til *stefnunefndar* er átt við hina sameiginlegu stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss sem skipuð er skv. samstarfssamningi þessara aðila. Samkvæmt samningnum hefur nefndin það hlutverk:

- a) Að móta stefnu í sameiginlegum málefnum H.Í. og LSH.
- b) Að sjá um framkvæmd samningsins og undirsamninga er honum tengjast og gera áætlanir um framkvæmd þeirra.
- c) Að fjalla um sameiginleg málefni svo sem ný störf sem krefjast akademísku hæfis og breytingar á störfum á LSH sem tengjast báðum stofnunum. Aðilar skulu komast að sameiginlegri niðurstöðu um skilgreiningu starfs og starfsskyldur áður en starf er auglýst.
- d) Að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Verklagsreglur þessar gilda um þá opinberu starfsmenn, í skilningi 1. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem hafa skilgreindar starfsskyldur gagnvart bæði H.Í. og LSH, þannig að starfsskyldur gagnvart H.Í. ná lágmarksinntaki starfs við H.Í. (20%). Um eftirfarandi hópa starfsmanna er að ræða:

- a) Háskólamenn skv. skilgreiningu 2. gr. með tengda stöðu á LSH sbr. 5. gr.
- b) Háskólamenn skv. skilgreiningu 2. gr. með samhliða starf á LSH sbr. 6. gr.
- c) Starfsmenn LSH sem jafnframt hafa ráðningarsamning sem aðjúnktar eða stundakennarar við H.Í.

Reglurnar gilda ekki um starfsmenn LSH sem hafa þá starfsskyldu eina gagnvart H.Í. að aðstoða við kennslu eða leiðbeiningu nema í heilbrigðisvísindagreinum á LSH, enda nemi slík starfsskylda innan við fimmtungi af skilgreindu starfi viðkomandi starfsmanns. Til þessa hóps starfsmanna LSH teljast m.a. leiðbeinendur.

### 4. gr.

#### *Lögakveðnar ákvarðanir.*

Af ákvæðum laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands leiðir, að Háskólinn fer með öll ráðningarmál varðandi störf háskólakennara, þ.e. prófessora, dósentar og lektora, auk starfa aðjúnkta og stundakennara. Ennfremur störf sérfræðinga\*, vísinda- og fræðimanna og forstöðumanna háskólastofnana.

LSH fer með öll ráðningarmál varðandi störf löggiltra heilbrigðisstétta, sérfræðinga\* í slíkum greinum á spítalanum og stjórnenda á spítalanum.

Þegar um starfstengsl milli H.Í. og LSH er að ræða er heimilt að sameina tiltekna þætti í meðferð ráðningarmála skv. 1. og 2. mgr. eftir því sem mælt er fyrir um í þessum reglum, m.a. um sameiginlegar valnefndir, sbr. 13. gr.

---

\* Vert er að vekja athygli á því, að hugtakið „sérfræðingur“ er notað í ólíkri merkingu eftir því hvort um starf innan H.Í. eða LSH er að ræða. Innan H.Í. byggist starfsheitið „sérfræðingur“ á skilgreiningu í lögum nr. 41/1999. Innan LSH byggist starfsheitið á sérfræðiviðurkenningum og kjarasamningum heilbrigðisstétta.

## 5. gr.

*Tengdar stöður.*

Prófessor sem hefur með höndum forsvar fræðigreinar í H.Í. hefur skv. samningi H.Í. og LSH tengda stöðu á sjúkrahúsinu sem felur í sér rétt til þeirrar aðstöðu sem honum er nauðsynleg til þess að geta sinnt kennslu- og rannsóknahlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Sama á við í þeim tilvikum er háskólamañni, öðrum en prófessor, er veitt forsvar fræðigreinar sem samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir að sé grundvöllur starfstengsla.

Gagnvart LSH ber forsvarsmáður fræðigreinar H.Í. ábyrgð á kennslu háskóladeildar innan LSH og skipulagi háskólastarfseminnar á spítalanum og tekur þátt í faglegri mótun klínísku starfseminnar.

## 6. gr.

*Samhliða störf.*

Samstarfssamningur H.Í. og LSH gerir ráð fyrir að háskólamañn geti haft frekari starfstengsl við LSH en felast í tengdri stöðu skv. 5. gr. Slík starfstengsl byggjast á því að háskólamañður sé ráðinn sérstaklega í starf stjórnanda eða sérfræðings sem auglýst er og ráðið í af LSH samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins.

Ef háskólamañður með starfstengsl við LSH á grundvelli samstarfssamningsins er ráðinn í starf stjórnanda eða sérfræðings á LSH telst spítalastarfið vera samhliða starf í skilningi þessara reglna. Í því tilviki hefur háskólamañðurinn tvo ráðningarsamninga, annars vegar um háskólastarfið og hins vegar um spítalastarfið. Hvor ráðningarsamningur er háður hinum eftir því sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi, verklagsreglum þessum og ákvæðum ráðningarsamninga hverju sinni.

## II. KAFLI

**Nýráðningar.**

## 7. gr.

*Ákvörðun um nýtt starf í heilbrigðisvísindum við H.Í.*

Stefnunefnd H.Í. og LSH markar stefnu um þann fjölda nýrra kennarastarfa sem á tilteknu tímabili er reiknað með að taka upp við heilbrigðis-vísinda-deildir H.Í. og sem fela í sér starfstengsl við LSH. Stefnumörkunin byggist m.a. á mati háskóladeildanna um það hvaða greinar heilbrigðisvísinda við H.Í. sé eðlilegt að afmarka með slíkum hætti.

Á grundvelli stefnumörkunar eru tillögur lagðar fyrir stefnunefnd H.Í. og LSH um að búa til nýtt starf innan tiltekinnar fræðigreinar. Tillagan skal greina í hverju fyrirhugað starf er fólgið og hvaða kröfur eigi að gera til þess sem ráðinn er. Miðað skal við að hið nýja starf sé auglýst laust til umsóknar, en heimilt er samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings H.Í. og LSH, að leggja til að starfið verði til við framgang skv. 6. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands. Stefnunefnd H.Í. og LSH tekur sjálfstæða afstöðu til þess hverju sinni hvort heimild þessi er nýtt.

Stefnunefnd H.Í. og LSH staðfestir að fyrir liggi sameiginleg ákvörðun aðila um að nýja starfið feli í sér starfstengsl milli H.Í. og LSH, skilgreinir starfsskyldur gagnvart hvorum aðila um sig og hvort samtímis sé auglýst starf á LSH sem ráðið verði í samhliða starfinu í H.Í. Getur þar verið um að ræða sérfræðingsstarf á LSH sem og starf yfirmanns er ber ábyrgð á klínískum rekstri á spítalanum.

Stefnunefnd getur ákveðið að ráðning í starf fræðimanns eða vísindamanns við H.Í., sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 41/1999 fari eftir reglum þessa kafla eftir því sem við á.

## 8. gr.

*Auglýsing um laust starf háskólakennara.*

Laust kennarastarf sem skilgreint hefur verið skv. 7. gr. er auglýst af H.Í. Í auglýsingu skal tekið fram að starfsskyldur við LSH og nánar tilgreind aðstaða á spítalanum sé hluti starfsins.

Hafi verið tekin ákvörðun um að auglýsa samhliða starf klínísks stjórnanda eða sérfræðings á spítalanum, skal koma fram í auglýsingu að miðað sé við að ráða sama umsækjanda í bæði störf. Ennfremur, að verði það gert muni starfsskyldur sem fylgja kennarastarfinu verða ákveðnar að teknu tilliti til spítalastarfsins.

## 9. gr.

*Samhliða auglýsing um laust starf á LSH.*

Laust starf á LSH sem skilgreint hefur verið samhliða lausu kennarastarfi skv. 7. gr. er auglýst af LSH samhliða auglýsingu um kennarastarfið. Í auglýsingu skal tekið fram, að sérstaklega komi til álita að ráða þann umsækjanda um starfið sem ákveðið hafi verið að ráða í starf háskólakennara sem auglýst hefur verið skv. 8. gr.

## 10. gr.

*Mat á hæfni umsækjenda.*

Dómnefnd metur hæfni umsækjenda til kennarastarfa við H.Í. í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um Háskóla Íslands, og einstakar deildir eftir atvikum. Um mat á hæfni umsækjenda til starfa á LSH, sem auglýst er samhliða kennarastarfi fer eftir ákvæðum laga og reglna sem gilda um heilbrigðisþjónustu.

Hæfnismat skv. þessari grein skal kveða á um hvort umsækjandi uppfyllir lágmarksskilræði til þess að gegna starfinu.

## 11. gr.

*Tillaga um ráðningu í starf.*

Að fengnu hæfnismati skal tillaga um veitingu starfs háskólakennara ákveðin í samræmi við reglur hverrar háskóladeildar. Um tillögugerð varðandi veitingu samhliða starfs á LSH fer eftir reglum LSH.

Háskólarektor og forstjóri LSH geta ákveðið að fela sameiginlegri valnefnd að gera tillögu um ráðningu í starf háskólakennara og samhliða starf á LSH. Um störf sameiginlegrar valnefndar gilda ákvæði 13. gr.

## 12. gr.

*Ákvörðun um ráðningu í starf.*

Háskólarektor kynnir forstjóra LSH framkomna tillögu viðkomandi háskóladeildar hafi starf á sjúkrahúsinu verið auglýst samhliða starfi háskólakennara. Jafnframt kynnir forstjóri LSH háskólarektor umsgnir dómnefnda um spítalastarfið.

Hafi sameiginlegri valnefnd verið falið að gera tillögu um ráðningu í starf við H.Í. og starf við LSH, sbr. 13. gr., taka rektor og forstjóri LSH ákvörðun á grundvelli tillögu nefndarinnar.

Að öðrum kosti ákveður háskólarektor hverjum skuli veitt kennarastarf við H.Í. á grundvelli framkominnar tillögu háskóladeildar. Þegar veiting starfsins hefur verið ákveðin skal viðkomandi boðið starfið. Gangi viðkomandi ekki að boðinu skal öðrum umsækjanda eftir atvikum boðið starfið.

Hafi starf á LSH verið auglýst samhliða kennarastarfinu tekur forstjóri LSH ákvörðun um ráðningu í spítalastarfið að fenginni niðurstöðu H.Í.

## 13. gr.

*Sameiginleg valnefnd.*

Ef sameiginleg valnefnd er skipuð til þess að gera tillögu um ráðningu í laust starf háskólamanns og samhliða starf sem auglýst er laust af LSH, skulu háskólarektor og forstjóri LSH hvor um sig skipa „ad hoc“ jafnmarga menn til setu í nefndinni og setja henni erindisbréf og starfsreglur.

Valnefnd skal komast að niðurstöðu um það hver úr hópi þeirra umsækjenda sem uppfylla lágmarksskilyrði, sbr. 10. gr., skuli teljast hæfastur þeirra á grundvelli heildarmats á þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar ráðningu í hvort starf fyrir sig. Niðurstaða valnefndar skal rökstudd með vísan til þeirra sjónarmiða sem nefndin leggur til grundvallar, þ.e. bæði akademískra sjónarmiða (kennsla, rannsóknir, stjórnun akademískra þátta) og sjónarmiða sem varða spítalastarfið (klínísk reynsla, stjórnun klínískra þátta og rekstrarþátta).

Niðurstaða valnefndar er send háskólarektor og forstjóra LSH til ákvörðunartöku.

## 14. gr.

*Gerð ráðningarsamnings.*

Þegar ákvörðun um ráðningu í kennarastarf skv. þessum kafla hefur verið tekin, skal gera ráðningarsamning í samræmi við reglur nr. 352/1996 um form ráðningarsamninga og skyldu til þess að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör. Tekið skal fram í samningnum að um skilgreind starfstengsl sé að ræða við LSH. Eitt viðbótarsamrit ráðningarsamnings er útbúið og sent LSH til upplýsingar.

Sé ákveðið að ráða þann sem veitt hefur verið kennarastarf í samhliða auglýst starf hjá LSH ganga H.Í. og LSH sameiginlega frá ráðningu viðkomandi starfsmanns þar sem í tveimur ráðningarsamningum er nánar kveðið á um starfsskyldur og réttindi við hvora stofnun fyrir sig.

Sá sem tekur ákvörðun um ráðningu í starf telst veitandi starfsins skv. lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## 15. gr.

*Breytingar á starfsskyldum.*

Allar veigameiri breytingar á starfsskyldum starfa sem falla undir reglur þessar skal bera undir stefnunefnd H.Í. og LSH.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur.

## 16. gr.

*Aðstaða.*

Starfsmönnum sem bera starfsskyldur gagnvart bæði H.Í. og LSH skal lätin í té sú aðstaða sem nauðsynleg er til þess að þeir geti sinnt starfsskyldum sínum. Sé ekki um annað samið, ber H.Í. ábyrgð á aðstöðu sem starfsskyldur kalla á utan spítalans en LSH ábyrgð á því að aðstaða sé fullnægjandi innan veggja spítalans, á deildum og sviðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta og þar sem um er að ræða sjálfstæðan rekstur á vegum spítalans.

## 17. gr.

*Launagreiðslur.*

Um greiðslu launa fer eftir ráðningarsamningum hverju sinni. Enda þótt starfsmaður hafi starfsskyldur bæði gagnvart H.Í. og LSH getur annar hvor þessara aðila einn verið launagreiðandi.

## 18. gr.

*Starfsfyrirmæli.*

Að svo miklu leyti sem störf þau er samningur þessi tekur til, eru rækt á grundvelli beinna starfsfyrirmæla, skal við það miðað að stjórnendur innan H.Í. ráði þeim þáttum er lúta beint að kennslu, þ.e. fyrirlestrum, fræðslufundum, og skipulagningu sýnikennslu með þátttöku sjúklinga o.þ.h., en að stjórnendur innan spítalans hafi óskorað boðvald gagnvart allri meðferð sjúklinga og annarri þjónustu sem spítalinn veitir. Sé um ósamrýmanleg starfsfyrirmæli að ræða, skulu fyrirmæli stjórnenda spítalans gilda innan veggja hans.

## 19. gr.

*Trúnaðarskylda.*

Um trúnaðar- og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu fer eftir ákvæðum III. kafla laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Starfsmaður H.Í. sem jafnframt hefur starfsskyldur gagnvart LSH, skal gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann verður áskynja um varðandi hagi sjúklinga. Hann skal einnig sýna Háskólanum og spítalanum fullan trúnað í samræmi við þá stöðu er hann gegnir.

Telji starfsmaður sig ekki geta gegnt trúnaðar- og þagnarskyldu öðruvísi en brjóta þar með á öðrum skyldum sem á honum hvíla, skal hann gera aðvart þeim sem réð hann til starfsins, sbr. 14. gr. Ef um er að ræða mál sem hefur almenna þýðingu skal það borið undir siðanefnd LSH.

## 20. gr.

*Ábyrgðarsamband.*

Starfsmaður ber ábyrgð gagnvart þeim sem réð hann til starfa. Í því felst að starfsmaðurinn er ábyrgur fyrir ákvörðunum, árangri og háttsemi sinni, hvort sem þessir þættir snúa að H.Í. eða LSH.

Sá sem réð starfsmann til starfs, sbr. 14. gr., fer með mál er varða áminningar og önnur úrræði vegna vanrækslu í starfi, samkvæmt reglum þar að lútandi. Sé um að ræða vanrækslu á starfsskyldum sem starfsmaður ber gagnvart öðrum en þeim sem réð hann til starfa, skal afla sem gleggstra upplýsinga um málsatvik.

## 21. gr.

*Bótaábyrgð.*

Sá sem réð starfsmann til starfa, sbr. 14. gr., ber bótaábyrgð (húsbónðaábyrgð) á tjóni sem starfsmaðurinn veldur í starfi í samræmi við almennar reglur.

Hvað varðar tjónsatvik sem lög nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu taka til, er það LSH sem ber bótaábyrgðina, sbr. 9. gr. laganna.

## 22. gr.

*Uppsögn.*

Sá sem réð starfsmann til starfa segir honum jafnframt upp störfum komi til þess.

Starfsmaður hefur rétt til þess að segja upp störfum eftir því sem fyrir er mælt í ráðningarsamningi. Skal hann beina uppsögn til þess sem réð hann til starfa. Sá aðili hefur heimild, skv. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til þess að lengja uppsagnarfrest svo sem þar greinir.

Ef ráðningarslit ber að í tilviki háskólakennara sem samhliða hefur verið ráðinn í stjórnunar- eða sérfræðingsstarf á spítalanum, mun LSH endurskoða ráðningu viðkomandi í samhliða starf á spítalanum. Með sama hætti mun H.Í. endurskoða ráðningu í starf háskólakennara ef ráðningarslit ber að varðandi stjórnunar- eða sérfræðingsstarf á LSH sem viðkomandi hefur verið ráðinn til samhliða kennarastarfinu.

Um uppsagnarfrest og önnur atriði er varða starfslok fer að öðru leyti eftir því sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum.

23. gr.  
*Lífeyrismál.*

Um lífeyrisgreiðslur og lífeyristengd réttindi fer samkvæmt því sem kveðið er á um í lögum og kjarasamningum.

24. gr.  
*Réttur til starfstengdra kjara.*

Með starfstengdum kjörum, er átt við rétt sem starfsmenn H.Í. og LSH öðlast skv. kjarasamningum eða öðrum heimildum til rannsóknarmissera, tilfærslu starfsskyldna t.d. frá kennslu til rannsókna, rétt til umsóknar um styrki úr rannsóknarsjóðum og þess háttar atriða.

Nema um annað hafi verið samið, skulu starfsmenn ávinna sér starfstengd réttindi í hlutfalli við starfsskyldur sínar gagnvart hvorum aðila um sig, H.Í. og LSH.

Um atkvæðarétt á deildarfundum í heilbrigðisvísindadeildum H.Í. fer eftir reglum deilda og um kjörgengi, atkvæðisrétt og annað er varðar rektorskjör fer skv. lögum og reglum fyrir Háskóla Íslands.

25. gr.  
*Gildistaka.*

Verklagi samkvæmt þessum reglum verður beitt við ráðningar í störf eftir 1. júlí 2002, og að öðru leyti eftir því sem við á.

Verklagsreglur þessar sem settar eru sameiginlega af Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi, sbr. m.a. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, eru háðar staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

*Reykjavík, 28. júní 2002.*

**Háskóli Íslands,**

**Landspítali - háskólasjúkrahús,**

*Páll Skúlason háskólarektor.*

*Magnús Pétursson, forstjóri LSH.*

*Þórður Kristinsson.*

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. maí 2003.*

**Jón Kristjánsson.**

# GJALDSKRÁ

## fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Akranesi.

### 1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúinn á Akranesi veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

### 2. gr.

	kr.
<b>Byggingarleyfisgjald:</b>	
Afgreiðslugjald (fast gjald) .....	4.000
Gjald pr. m <sup>3</sup> .....	40
<b>Framkvæmdaleyfisgjald:</b> (heild) .....	4.000
<b>Tímabundin stöðuleyfi:</b> fyrir hjólhýsi, gáma o.fl. ....	4.000
<b>Vottorð:</b>	
Fokheldisvottorð .....	5.000
Stöðuúttektarvottorð .....	5.000
<b>Úttektir:</b>	
Einbýlishús, parhús og raðhús á 1 hæð .....	30.000
(að meðaltali 10 útt. + lokaúttekt)	
Einbýlishús, parhús og raðhús á 2 hæðum .....	35.000
Fjölbýlishús (til og með 6 íbúðir) .....	35.000
Viðbót vegna fleiri íbúða (kr. pr. íbúð) .....	5.000
Annað húsnæði .....	52.000
Minni byggingar (gripahús o.þ.h.) .....	10.000
Stöðuúttektir .....	5.000
Úttekt vegna skipta á meistara/byggingastjóra .....	5.000
Húsaleiguúttektir (íbúðir) .....	5.000
Húsaleiguúttektir (atvinnuhúsnæði) .....	7.500
Úttekt vegna vínveitingaleyfis .....	5.000
Gjald fyrir útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft .....	4.000
<b>Mælingagjald:</b> Útsetning húss og lóðar (tvær mælingar).....	60.000
<b>Yfirferð séruppráttá:</b> Heimilt er að innheimta gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði vegna yfirferðar séruppráttá.	

### 3. gr.

Byggingarleyfisgjald endurgreiðst ekki þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald.

### 4. gr.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttektir og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

### 5. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2003 og skulu taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar ár hvert.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, samkvæmt heimild í 53. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. grein byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness þriðjudaginn 13. maí 2003.

*Akranesi, 13. maí 2003.*

**Gísli Gíslason** bæjarstjóri.

**AUGLÝSING****um flutningsjöfnunargjald á sementi.**

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 1.560 frá 1. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna og greiða á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur og innflytjendur, sem stunda endursölu á sementi á minnst tveimur verslunarstöðum sem jafnframt eru aðaltollhafnir, greiða gjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs sements á sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virka degi að tveimur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar. Flutningsjöfnunargjald af öðru innfluttu sementi skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórar innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til flutningsjöfnunarsjóðs sements.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 195, 14. mars 2002.

*Viðskiptaráðuneytinu, 22. maí 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

**AUGLÝSING****um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.**

*Breyting á skipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smiðsbúð 12 í Garðabæ. Breytingin felst í að heimilt verður að hafa lokað skýli á lóðarmörkum á austurhluta lóðar í stað opins skýlis áður. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.



*Breyting á skipulagi Ásgarðs, íþrótt- og skólasvæðis í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og skólasvæðis við Ásgarð í Garðabæ. Breytingin felst í að lóðarmörkum milli félagsheimilis Stjörnunnar og íþróttavalla er breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F. h. Garðabæjar, 19. maí 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit árið 2003.**

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðingu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit fyrir árið 2003, skv. samþykkt nr. 302/2000, um sorphirðu í Borgarfjarðarsveit skal vera sem hér segir.

		<i>kr.</i>
Sorpgjald A	Íbúðir þar sem sorp er sótt að húsum	15.000
Sorpgjald B	Íbúðir þar sem íbúar losa sorp í gáma	6.600
Sorpgjald C	Sumarhús	5.400
Sorpgjald D	Fyrirtæki samkvæmt sérstökum samningum.	

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá frá 18. febrúar 2000.

Samþykkt í hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar 29. janúar 2003.

*Litla-Hvammi, 13. maí 2003.*

**Sveinbjörn Eyjólfsson** oddviti.

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.**

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar er heimilt, í samræmi við 4. gr. samþykktar nr. 225/2001 um notkun og hreinsun rotþróa í Borgarfjarðarsveit, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

## 2. gr.

Gjaldið er árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
minni en 2000 l	3.000
2000 - 4000 l	3.500
4000 - 6000 l	4.150

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 2.136 á rúmmetra við losun.

## 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá frá 1. janúar 2002 um hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit.

Samþykkt í hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar 29. janúar 2003.

*Litla-Hvammí, 13. maí 2003.*

**Sveinbjörn Eyjólfsson** oddviti.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993.

## 1. gr.

4. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 96 31. janúar 1996, orðast svo:

Ökutækið skal váttryggt ábyrgðartryggingu samkvæmt ákvæðum umferðarlaga.

Litið skal svo á að váttryggingarskyldu sé fullnægt að því er varðar ökutæki sem skráð eru í ríkjum sem talin eru upp í viðauka I. Þetta á þó ekki við um ökutæki, sem nefnd eru í viðauka II.

Vegna annarra ökutækja en nefnd eru í 1. málslíð 2. mgr. skal ökumaður (umráðamaður) hafa undir höndum alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) eða staðfestingu váttryggingafélags með starfsleyfi hér á landi. Skulu þessi gögn bera með sér, að lögboðin ábyrgðartrygging sé í gildi, og skal váttryggingin gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahags-svæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. ábyrgjast að ökutæki sem skráð er erlendis en hér er notað um stundarsakir sé váttryggt lögmæltri ábyrgðartryggingu ef önnur váttrygging er ekki fyrir hendi enda hafi ökumaður (umráðamaður) ökutækisins við innflutning þess lagt fram alþjóðlegt váttryggingarkort fyrir ökutæki („grænt kort“) sem út er gefið í samræmi við reglur þær um alþjóðlegar bifreiðatryggingar sem undirnefnd um vegflutninga í innanlandsflutninganefnd efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur mælt með.

Eftirlit með því að erlent ökutæki, sem ekið er hér á landi, uppfylli kröfur reglugerðar þessarar, þ.m.t. hvort í gildi sé ábyrgðartrygging vegna þess, skal fyrst og fremst byggjast á úrtakseftirliti. Skal slíkt eftirlit fara fram bæði við innflutning ökutækisins og eftir að notkun

Þess er hafin. Ökutæki, sem skráð eru í ríkjum er nefnd eru í viðauka I, eru þó við komu til landsins undanþegin eftirliti með váttryggingarskyldu.

## 2. gr.

Viðauki I, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 555 29. desember 1993 og 2. gr. reglugerðar nr. 313 3. maí 1999, orðist svo:

## VIÐAUKI I

Ökutæki frá eftirtöldum ríkjum (þjóðernismerki þeirra eru tilgreind í sviga) teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins og þarf ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II.

Austurríki (A)

Belgía (B)

Danmörk (DK) ásamt Færeyjum (FR)

Finnland (FIN)

Frakkland (F) ásamt Mónakó (MC)

Grikkland (GR)

Holland (NL)

Írland (IRL)

Ítalía (I) ásamt Páfagarði og San Marínó (RSM)

Lúxemborg (L)

Krótía (HR)

Kýpur (CY)

Noregur (N)

Portúgal (P)

Slóvakía (SK)

Slóvenía (SLO)

Spánn (E)

Sviss (CH) ásamt Liechtenstein (FL)

Stóra-Bretland og Norður Írland (GB) ásamt Alderney (GBA), Guernsey (GBG), Jersey (GBJ), Mön (GBM) og Gíbraltar (GBZ)

Svíþjóð (S)

Tékkland (CZ)

Ungverjaland (H)

Þýskaland (D)

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 66. gr. og 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. maí 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Björn Friðfinnsson.*

# REGLUGERÐ

## um lögmæltar ökutækjatrýggingar.

### I. KAFLI

#### Skylda váttryggingafélags til að taka að sér váttryggingu og gildistaka váttryggingar.

##### 1. gr.

##### *Skyldur váttryggingafélaga.*

Váttryggingafélagi sem býður ökutækjatrýggingar samkvæmt umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987 er skylt að taka að sér lögmælt ábyrgðartryggingu og lögmælt slysatryggingu ökumanns og váttryggingartaka sem farþega í eigin ökutæki fyrir sérhvern váttryggingarskyldan aðila, sem undirgengst váttryggingarskilyrði ákveðin í samræmi við þá áhættu, sem félagið tekur að sér.

Váttryggingafélag sem býður ökutækjatrýggingar samkvæmt umferðarlögum, skal vera aðili að Alþjóðlegum bifreiðatrýggingum á Íslandi sf. (ABÍ).

##### 2. gr.

##### *Gildistaka.*

Váttrygging gengur í gildi þegar félagið eða umboðsmaður þess tekur við váttryggingarbeiðni, nema váttryggingartaki óski þess að hún taki gildi síðar.

Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka, t.d. símleiðis eða skriflega, er váttryggingafélaginu heimilt að skora á váttryggingartaka að greiða iðgjaldið eða semja um greiðslu þess þegar í stað og í síðasta lagi innan viku frá móttöku slíkrar tilkynningar. Verði váttryggingartaki ekki við áskoruninni er félaginu heimilt að fella váttrygginguna strax úr gildi, þrátt fyrir ákvæði 11. gr. Skal félagið tilkynna váttryggingartakanum þá ákvörðun skriflega, jafnframt því að senda tilkynningu til Umferðarstofu um lok váttryggingarinnar.

### II. KAFLI

#### Gildissvið váttryggingar, réttarstaða þriðja manns o.fl.

##### 3. gr.

##### *Gildissvið váttryggingar.*

Lögmælt ábyrgðartrygging skal gilda í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) á grundvelli eins og sama iðgjalds. Váttryggingin skal veita þá vernd í hverju aðildarríki sem kveðið er á um í löggjöf viðkomandi ríkis, eða þá vernd sem íslensk löggjöf mælir fyrir um þegar sú vernd er víðtækari.

##### 4. gr.

##### *Réttarstaða þriðja manns.*

Váttryggingafélag skal taka að sér váttrygginguna þannig að þriðji maður eigi beina kröfu á félagið, sbr. 1. mgr. 91. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga.

Vanræksla váttryggingartaka á því að standa við skuldbindingar sínar gagnvart félaginu veitir því engan rétt til að neita greiðslu til þess sem á rétt á skaðabótum. Öll ákvæði í váttryggingarsamningi er takmarka ábyrgð félagsins að þessu leyti eru ógild.

Í samningi félagsins og váttryggingartaka má áskilja að váttryggingartaki skuli að öllu leyti eða að hluta bera áhættu af tjónsatburðum sem falla undir váttrygginguna, en slík ákvæði hafa engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Má þannig almennt áskilja að eigin áhætta váttryggingartaka vegna hvers tjónsatburðar skuli vera tiltekin fjárhæð, allt að 200.000 króna

fyrir váttryggingartaka sem einstakling og allt að 1.000.000 króna fyrir váttryggingartaka með rekstur, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, eða ella að fullu, enda hafi félagið samþykkt skriflega beiðni váttryggingartaka um eigin áhættu. Váttryggingafélaginu er heimilt að setja ákvæði þess efnis í iðgjaldagrundvöll, að ef nánar tiltekin skilyrði eru uppfyllt skuli váttryggingartaki bera eigin áhættu allt að 50.000 króna. Ráðuneytið getur að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins breytt fjárhæðum þessum árlega í samræmi við verðlagsbreytingar.

Ákvæði 2. mgr. eiga einnig við um lögmælt slysatryggingu ökumanns og váttryggingartaka.

#### 5. gr.

##### *Endurgreiðsla iðgjalds.*

Þegar ökutæki er afskráð eða selt og váttryggt af hinum nýja eiganda (varanlegum umráðamanni) skal váttryggingafélag endurgreiða iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

Hafi ökutækið eigi verið í notkun a.m.k. 30 daga samfleytt skal félagið endurgreiða iðgjaldið hlutfallslega fyrir innistöðutímabilið, enda hafi skráningarmerki ökutækis þá verið í vörslu Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar. Ákvæði þetta gildir ekki um dráttarvélar eða torfærutæki.

#### 6. gr.

##### *Reglur um ökutæki sem skráð eru til leigu án ökumanns.*

Í váttryggingarskilmálum fyrir ökutæki sem skráð eru til leigu án ökumanns, samkvæmt lögum nr. 64 20. maí 2000 um bílaleigur, skal vera ákvæði um endurkröfurétt váttryggingafélags á hendur váttryggingartaka (bílaleigu) vegna allra tjónsatvika, sem verða þegar ökutækið er leigt án ökumanns andstætt ákvæðum nefndra laga, nema leitt sé í ljós að orsakir tjóns eða umfang verði ekki rakið til þess að ökutækið var leigt andstætt þeim.

#### 7. gr.

##### *Reglur um erlend ökutæki.*

Um váttryggingu ökutækja sem skráð eru erlendis og heimilt er að nota hér á landi fer samkvæmt reglugerð um notkun erlendra ökutækja.

### III. KAFLI

#### **Eftirlit með því að váttryggingarskyldu sé gætt og lok lögmæltra ökutækjatrygginga.**

#### 8. gr.

##### *Eftirlit með váttryggingarskyldu o.fl.*

Við skráningu vélknúins ökutækis skal færa sönnur á að váttryggingar vegna ökutækisins í samræmi við umferðarlög séu í gildi með staðfestingu frá váttryggingafélagi. Þegar eigendaskipti að ökutæki eru skráð skal ganga úr skugga um að nýr eigandi (varanlegur umráðamaður) hafi keypt lögmælt váttryggingu fyrir ökutækið. Við almenna skoðun ökutækis svo og þegar afhent eru að nýju skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu Umferðarstofu eða þess sem hefur umboð hennar, skal með sama hætti færa sönnur á að lögmælt váttrygging sé í gildi fyrir ökutækið.

Í skráðu ökutæki skulu jafnan varðveitt gögn sem bera með sér að í gildi séu lögmæltar váttryggingar vegna ökutækisins.

Þegar vélknúíð ökutæki er búið til að draga eftirvagn eða tengitæki skal váttryggingin einnig taka til aksturs með tengt ökutæki.

Þegar keypt er váttrygging hjá öðru váttryggingafélagi en því sem ökutækið hefur til þessa

verið váttryggt hjá skal eigandi (varanlegur umráðamaður) ökutækisins senda Umferðarstofu staðfestingu þessa efnis. Skal staðfestingin hafa borist Umferðarstofu eigi síðar en þann dag sem fyrri váttryggingin fellur úr gildi.

9. gr.

Þegar eigendaskipti verða að skráðu vélknúnu ökutæki gildir hin fyrri váttrygging gagnvart nýjum eiganda (varanlegum umráðamanni) í 14 daga nema ökutæki hafi áður verið afskráð eða ný váttrygging keypt fyrir það.

10. gr.

Eigi má váttryggja skráð vélknúð ökutæki ef váttryggingartaki skuldar iðgjald fyrir eldri váttryggingu á sama ökutæki sem fallið hefur í gjalddaga á síðastliðnum tveimur árum.

Komi í ljós að keypt hefur verið váttrygging fyrir skráð vélknúð ökutæki andstætt ákvæði 1. mgr. fellur váttryggingin þegar úr gildi. Skal váttryggingafélagið þá strax vara váttryggingartaka við og senda tilkynningu um lok váttryggingar skv. 11. gr.

11. gr.

*Lok lögmæltra ökutækjatrýgginga.*

Falli váttrygging vegna skráðs vélknúns ökutækis úr gildi vegna vanskila á iðgjaldi þeirrar váttryggingar skal váttryggingafélagið senda tilkynningu um það til Umferðarstofu þremur mánuðum eftir gjalddaga iðgjaldsins. Falli váttrygging úr gildi af annarri ástæðu en vanskilum skal félagið tilkynna það Umferðarstofu þegar eftir að váttryggingin er úr gildi fallin.

Jafnframt tilkynningu til Umferðarstofu skv. 1. mgr. skal félagið gera váttryggingartaka (eiganda eða varanlegum umráðamanni ökutækis) aðvart og kynna honum réttaráhrif slíkrar tilkynningar.

Félagið skal ekki senda tilkynningu skv. 1. mgr. ef það hefur vitneskju um að ökutækið hafi verið váttryggt hjá öðru félagi eða það hafi verið afskráð.

Tilkynning skv. 1. mgr. verður ekki gefin svo gilt sé, ef váttryggingin er upphaflega tekin vegna annars ökutækis og vanskilin stafa frá tíma áður en váttryggingin var færð yfir á hið nýja ökutæki.

12. gr.

Þegar Umferðarstofa fær tilkynningu skv. lokamálsl. 2. mgr. 2. gr. eða l. mgr. 11. gr. og í ljós kemur að ökutækið hefur ekki verið afskráð og að ný fullnægjandi váttrygging er ekki fyrir hendi, skal lögreglustjóri þar sem eigandi (varanlegur umráðamaður) er skráður til heimilis hlutast til um að skráningarmarki séu tafarlaust tekin af ökutækinu.

Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið áfram ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem verður þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að váttryggingin féll úr gildi nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt. Hafi váttryggingin fallið úr gildi áður en Umferðarstofa fær tilkynningu skv. 1. mgr. 11. gr. helst ábyrgð félagsins í fjórar vikur frá móttöku tilkynningarinnar.

13. gr.

Tilkynningar og staðfestingar skv. 2. mgr. 2. gr., 8. og 1. mgr. 11. gr. skal senda Umferðarstofu rafrænt eða á sérstökum eyðublöðum. Skal form tilkynninganna ákveðið af Umferðarstofu. Tilkynningar sem ekki eru í samræmi við kröfur Umferðarstofu skulu teljast ógildar og ber að vísa þeim frá.

Ákvæði 8.-12. gr. gilda einnig um váttryggingu á ökutækjum með reynslumerki.

#### IV. KAFLI Tjónsuppgjörfulltrúar.

14. gr.

*Hlutverk tjónsuppgjörfulltrúa og skilyrði fyrir viðurkenningu á þeim.*

Tjónsuppgjörfulltrúar, sem tilnefndir eru á Íslandi til að koma fram fyrir hönd erlendra váttryggingafélaga í samræmi við 11. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60, 11. maí 1994, skulu afgreiða og taka ákvörðun eða semja um skaðabótakröfur tjónþola, sem búsettir eru á Íslandi, vegna tjónsatviks í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, enda verði tjónsatvik rakið til ökutækis sem er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki.

Tjónsuppgjörfulltrúi skal vera búsettur á Íslandi og vera fær um að sinna starfi sínu á íslensku. Honum er heimilt að starfa fyrir fleiri en eitt váttryggingafélag.

15. gr.

*Rökstutt tilboð um bætur eða rökstutt svar.*

Tjónsuppgjörfulltrúi skal innan þriggja mánaða frá því að tjónþoli beinir að honum kröfu um bætur vegna tjónsatviks skv. 14. gr. gera skriflega rökstutt tilboð um bætur, þegar ekki er ágreiningur um bótaskyldu og tjón hefur verið metið, nema váttryggingafélagið hafi áður gert rökstutt tilboð.

Þegar bótaskyldu er hafnað eða ekki hefur verið skorið úr um hana eða ef tjón hefur ekki verið metið að fullu, skal tjónsuppgjörfulltrúi innan frests skv. 1. mgr. skriflega gefa rökstutt svar við þeim atriðum sem tiltekin eru í kröfunni nema váttryggingafélagið hafi áður gert rökstutt tilboð.

Innan þriggja mánaða eftir að tjónþoli, sem búsettur er í öðru EES- eða EFTA-ríki, hefur vegna tjónsatviks í öðru aðildarríki en þar sem hann er búsettur, eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, beint bótakröfu að váttryggingafélagi tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúa þess í búseturíki tjónþola skal félagið gera rökstutt tilboð eða svar skv. 1.-3. mgr. Þetta á þó aðeins við, ef félagið hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu sbr. 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga og ökutækis, sem tjónið hlaut af, er að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki en því sem tjónþoli býr í. Ákvæði 1. málsl. á ekki við ef tjónsuppgjörfulltrúi félagsins hefur innan þriggja mánaða látið í té rökstutt tilboð eða svar.

#### V. KAFLI Tjónsuppgjörsmiðstöð.

**Greiðsluskylda vegna óþekktra eða óváttryggðra ökutækja.**

16. gr.

*Íslensk tjónsuppgjörsmiðstöð og ábyrgðaraðili.*

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) hefur verið viðurkennt sem íslensk tjónsuppgjörsmiðstöð, sem greitt getur bætur vegna tjóns af völdum vélknúins ökutækis, ef:

- tjónþoli er búsettur á Íslandi,
- ökutækið er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki, eða ef ökutæki er óþekkt, eða ef ekki er unnt að hafa upp á váttryggingafélagi því sem váttryggði ökutækið, og
- tjónið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

ABÍ er óheimilt að gegna starfi tjónsuppgjörfulltrúa fyrir erlent váttryggingafélag.

ABÍ er sem ábyrgðaraðila skylt að greiða bætur fyrir tjón sem hlýst af notkun óþekktis eða óváttryggðs skráningarskylds vélknúins ökutækis eins og nánar er kveðið á um í 18. gr.

## 17. gr.

Tjónþoli, sem er búsettur á Íslandi getur beint skaðabótakröfu að ABÍ sem tjónsuppgjörsmiðstöð vegna tjónsatviks, sem lýst er í 1. mgr. 16. gr., ef erlent váttryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúi þess á Íslandi hefur ekki gert rökstutt tilboð eða gefið rökstutt svar innan þriggja mánaða frá því að tjónþoli krafði váttryggingafélagið eða tjónsuppgjörfulltrúann skaðabóta, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr.

Tjónþoli skv. 1. mgr. getur einnig krafði ABÍ sem tjónsuppgjörsmiðstöð ef váttryggingafélag tjónvalds hefur ekki tilnefnt tjónsuppgjörfulltrúa á Íslandi. Tjónþoli getur þó ekki haft uppi skaðabótakröfu gagnvart ABÍ skv. 1. málsl., ef hann hefur beint kröfu að váttryggingafélagi tjónvalds og fengið rökstutt svar við henni innan þriggja mánaða.

Tjónþoli getur ekki haft uppi skaðabótakröfu gagnvart ABÍ eftir 1. eða 2. mgr. ef hann hefur höfðað mál gegn váttryggingafélagi tjónvalds.

ABÍ skal hefja aðgerðir til afgreiðslu bótakröfu innan tveggja mánaða eftir að hún barst frá tjónþola. ABÍ lýkur meðferð kröfunnar ef váttryggingafélag tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúi þess gefur tjónþola rökstutt svar við kröfunni.

Þegar skaðabótakrafan hefur borist tilkynnir ABÍ váttryggingafélagi tjónvalds eða tjónsuppgjörfulltrúanum á Íslandi, tjónsuppgjörsmiðstöðinni í aðildarríkinu þar sem váttryggingafélagið, sem gaf út váttryggingarskírteinið, hefur staðfestu og tjónvaldi, ef vitað er um hann, að tjónþoli hafi krafði ABÍ um bætur og að ABÍ muni svara kröfunni innan tveggja mánaða frá því að tjónþoli gerði hana.

## 18. gr.

*Tjón af völdum óþekktra eða óváttryggðra ökutækja.*

ABÍ skal sem tjónsuppgjörsmiðstöð greiða tjónþola búsettum á Íslandi tjón vegna atviks í öðru EES- eða EFTA-ríki, ef ætla má að það hafi hlotist af notkun óþekktis vélknúins ökutækis eða vélknúnu ökutæki, sem að öllu jöfnu er staðsett í EES- eða EFTA-ríki eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, ef ekki er unnt innan tveggja mánaða að hafa upp á váttryggingafélagi því sem ábyrgðartryggði ökutækið.

ABÍ skal sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framferanda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekktis vélknúins ökutækis.

ABÍ skal sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatviks sem hlotist hefur á Íslandi af notkun ökutækis, sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir, eða váttrygging þess hefur verið felld niður af váttryggingafélaginu eða ekki haldið í gildi.

Skaðabætur skv. 1.-3. mgr. greiðast af ABÍ á grundvelli gildandi umferðarlaga allt að váttryggingarfjárhæð, sem þar er ákveðin.

Skaðabætur skv. 1.-3. mgr. greiðast ekki ef ABÍ sýnir fram á að tjónþoli, sem af fúsum vilja hefur tekið sér far í ökutæki sem tjón hlýst af, vissi að lögmælt ábyrgðartrygging var ekki fyrir hendi er tjónsatvikið gerðist. Sama á við um tjón á munum, sem fluttir eru með ökutæki, sem eigandi eða sendandi þeirra vissi að var óváttryggt. Skaðabætur eftir ákvæðum þessum skal ekki heldur greiða til að fullnægja endurkröfu frá þriðja manni.

ABÍ bætir ekki tjón er ætla má að sé af völdum vélknúins ökutækis sem undanþegið er váttryggingarskyldu og er í eigu ríkissjóðs Íslands, erlends ríkis eða alþjóðastofnunar.

Auk endurkröfuréttar skv. 3. og 4. mgr. 20. gr., má ABÍ samkvæmt almennum reglum íslensks réttar endurkrefja þá, sem bera skaðabótaábyrgð á tjóni af völdum óváttryggðs ökutækis, þ.m.t. eiganda (umráðamann) og ökumann. Sama á við hafi ABÍ greitt bætur fyrir tjón af völdum óþekktis ökutækis, ef síðar upplýsist um það. Í því tilviki á ABÍ einnig endurkröfurétt á hendur váttryggjanda ökutækisins. Ákvæði þessarar málsgreinar haggja ekki reglum um kröfur samkvæmt öðrum endurkröfuheimildum.



## 19. gr.

ABÍ er skylt að greiða skaðabætur sem ábyrgðaraðili vegna óvátryggðs erlends ökutækis, sem um stundarsakir er notað á Íslandi án þess að vera skráð hér á landi.

## 20. gr.

*Endurgreiðsla, endurkrafa og kröfuhafaskipti.*

Sú tjónsuppgjörsmiðstöð sem hefur skv. 94. gr. a umferðarlaga greitt bætur til tjónþola í því EES- eða EFTA-ríki, sem tjónþoli býr, getur krafist þess að ABÍ endurgreiði bæturnar, ef:

- vátryggingafélag sem gefið hefur út vátryggingarskírteini fyrir ökutækið, sem tjónið hlaust af, hefur starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu,
- ökutækið sem tjónið hlaust af er að jafnaði staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur, og
- tjónsatvikið varð í öðru EES- eða EFTA-ríki en því þar sem tjónþoli er búsettur eða öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið.

Tjónsuppgjörsmiðstöð sem hefur skv. 94. gr. a umferðarlaga greitt bætur til tjónþola í því EES- eða EFTA-ríki, þar sem tjónþoli býr, getur krafist þess að ABÍ endurgreiði bæturnar, ef:

- ökutæki er að öllu jöfnu staðsett á Íslandi og ekki er vitað um vátryggingafélag þess, eða
- ökutæki er óþekkt eða er að öllu jöfnu staðsett í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið, og tjónsatvikið verður á Íslandi.

Í samningi tjónsuppgjörsmiðstöðva skulu vera nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslna í skiptum ABÍ og tjónsuppgjörsmiðstöðva og ábyrgðaraðila í öðrum EES- eða EFTA-ríkjum.

ABÍ öðlast rétt tjónþola á hendur tjónvaldi eða vátryggingafélagi hans að svo miklu leyti sem tjónsuppgjörsmiðstöðin í því EES- eða EFTA-ríki, þar sem tjónþoli býr, hefur greitt honum bætur, enda hafi ABÍ endurgreitt tjónsuppgjörsmiðstöðinni bæturnar í samræmi við samning, sem greindur er í 3. mgr.

## VI. KAFLI

**Upplýsingamiðstöð.**

## 21. gr.

Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. (ABÍ) hefur verið viðurkennt sem upplýsingamiðstöð.

Félagið skal safna og miðla upplýsingum um:

- skráningarmarki vélknúinna ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett á Íslandi,
- númer vátryggingarskírteina sem taka til ábyrgðar á tjóni af notkun ökutækja, sem eru að öllu jöfnu staðsett á Íslandi, og þann dag sem vátryggingarvernd fellur niður ef gildistíma vátryggingarinnar er lokið,
- númer græna kortsins eða landamæravátryggingarskírteinis vegna þeirra ökutækja, sem undanþegin eru ábyrgðartryggingarskyldu, ef skjöl þessi eiga við um ökutækið,
- þau vátryggingafélög, sem ábyrgðartryggja ökutæki, sem eru að öllu jöfnu staðsett á Íslandi, og þá tjónsuppgjörfsfulltrúa, sem vátryggingafélög hafa tilnefnt skv. lögum um vátryggingastarfsemi, og sem tilkynnt er um til ABÍ skv. 3. mgr. þessarar greinar,
- ökutæki sem undanþegin eru ábyrgðartryggingarskyldu og hvaða stjórnvald ábyrgist greiðslu bóta fyrir tjón sem hlýst af þeim.

Vátryggingafélög, sem skv. lögum um vátryggingastarfsemi hafa starfsleyfi til rekstrar ábyrgðartrygginga ökutækja, skulu veita upplýsingamiðstöðvum í öllum EES- eða EFTA-

ríkjum upplýsingar um nafn og heimilisfang tjónsuppgjörfulltrúa sem er tilnefndur skv. lögum um váttryggingastarfsemi.

ABÍ skal aðstoða tjónþola, sbr. 22. gr., við að afla þeirra upplýsinga sem taldar eru í 2. mgr.

Upplýsingar sem greinir í liðum a.-e. 2. mgr., skal geyma í sjö ár frá afskráningu ökutækis eða lokum váttryggingarsamnings.

#### 22. gr.

Tjónþoli, sem er búsettur á Íslandi, á í allt að sjö ár frá tjónsatviki rétt á að fá tafarlaust hjá ABÍ upplýsingar sem taldar eru hér á eftir ef ökutæki tjónvalds er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru EES- eða EFTA-ríki og tjónsatvik varð í öðru aðildarríki en Íslandi eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið:

- a. nafn og heimilisfang váttryggingafélags,
- b. númer váttryggingarskírteinis,
- c. nafn og heimilisfang tjónsuppgjörfulltrúans sem váttryggingafélag hefur tilnefnt hér á landi.

Tjónþoli, sem er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki en Íslandi, á í allt að sjö ár frá tjónsatviki rétt á að fá tafarlaust hjá ABÍ upplýsingar sem taldar eru hér á eftir ef ökutæki tjónvalds er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett á Íslandi og tjónsatvik varð í öðru aðildarríki en þar sem tjónþoli er búsettur, eða í öðru ríki sem er aðili að tilhöguninni um græna kortið:

- a. nafn og heimilisfang váttryggingafélags,
- b. númer váttryggingarskírteinis,
- c. nafn og heimilisfang tjónsuppgjörfulltrúans, sem váttryggingafélag hefur tilnefnt í aðildarríki, þar sem tjónþoli er búsettur.

Tjónþoli, sem er búsettur í öðru EES- eða EFTA-ríki en Íslandi, á einnig, í allt að sjö ár frá tjónsatviki, rétt á að fá tafarlaust upplýsingar þær, sem greinir í 2. mgr., ef tjónsatvikið varð á Íslandi og ökutæki tjónvalds er váttryggt og að öllu jöfnu staðsett í öðru aðildarríki.

ABÍ skal hafa samvinnu við upplýsingamiðstöðvar annarra aðildarríkja.

#### 23. gr.

ABÍ skal láta tjónþola skv. 22. gr. í té nafn og heimilisfang eiganda ökutækisins, þess sem ekur því að jafnaði eða skráðs umráðamanns, ef tjónþoli hefur lögmdæta hagsmuni af því að fá þessar upplýsingar.

ABÍ lætur tjónþola í té nafn þess stjórnvalds, sem ábyrgist greiðslu bóta vegna tjóns af völdum ökutækja sem undanþegin eru ábyrgðartryggingarskyldu.

## VII. KAFLI

### Endurkröfunefnd.

#### 24. gr.

Váttryggingafélag sem greitt hefur bætur vegna tjóns, sem ætla má að hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, skal senda gögn málsins til endurkröfunefndar sem starfar skv. umferðarlögum. Skal félagið rekja ástæður þess að endurkröfu skuli beitt og gera grein fyrir bótafjárhæðum og öðrum atriðum sem máli skipta.

Endurkröfunefnd skal heimill aðgangur að öllum gögnum sem váttryggingafélag hefur byggt á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögmdæltum ábyrgðartryggingum. Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið mál til meðferðar.

## 25. gr.

Um málsmeðferð fyrir endurkröfunefnd fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37 30. apríl 1993.

## 26. gr.

Nefndin skal eftir því sem kostur er fylgjast með að fyrirætlum sé fylgt, m.a. að mál verði látið ganga til dómstóla, ef sá sem endurkrafa beinist gegn neitar að greiða endurkröfu eða ekki semst um greiðslu hennar.

## 27. gr.

Nefndin skal halda gerðabók þar sem skráð skal skýrsla um fundi nefndarinnar. Þar skal í hverju máli m.a. koma fram númer máls hjá nefndinni, aðilar þess, tjónsdagur, ástæður þess að endurkröfuheimildar er óskað og niðurstaða nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt með samþykki dómsmálaráðuneytis að ráða sér starfslíð er undirbúi mál fyrir fundi nefndarinnar og annist önnur störf fyrir nefndina á hennar ábyrgð.

Endurkröfunefnd skal fyrir 1. mars ár hvert skila dómsmálaráðuneytinu skýrslu um störf sín á næstliðnu ári.

## 28. gr.

Kostnaður af störfum endurkröfunefndar greiðist úr ríkissjóði. Vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytis í hlutfalli við fjölda mála, sem félögin leggja fyrir nefndina.

## VIII. KAFLI

**Gildistaka.**

## 29. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. mgr. 91. gr., 1. mgr. 94. gr., 3. mgr. 94. gr. a, 2. mgr. 94. gr. b og 2. og 3. mgr. 96. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987 með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af IX. viðauka við EES-samninginn, tilskipun 72/166/EBE með breytingu samkvæmt tilskipun 72/430/EBE, tilskipunum 84/5/EBE, 90/232/EBE, 2000/26/EB og ákvörðunum 91/323/EBE, 93/43/EBE, 97/828/EB og 1999/103/EB, öðlast þegar gildi og á við um tjónsatvik, sem verða eftir gildistöku reglugerðarinnar.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um lögmæltar ökutækjetryggingar nr. 556 29. desember 1993 ásamt breytingum með reglugerðum nr. 531 3. júní 1998, 532 31. ágúst 1998 og 309 3. maí 1999.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. maí 2003.*

**Björn Bjarnason.**

*Björn Friðfinnsson.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
383	20. maí	Tilkynning um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum .....	1301
384	9. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 með síðari breytingum um aðskotaefni í matvælum .....	1302-1308
385	6. maí	Reglur um verklag varðandi málefni starfsmanna sem hafa starfsskyldur gagnvart Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúsi .....	1309-1315
386	13. maí	Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Akranesi .....	1316-1317
387	22. maí	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á sementi .....	1317
388	19. maí	Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ .....	1317-1318
389	13. maí	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarfjarðarsveit árið 2003 .....	1318
390	13. maí	Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarfjarðarsveit .....	1318-1319
391	27. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267 1. júlí 1993 .....	1319-1320
392	27. maí	Reglugerð um lögmæltar ökutækjatryggingar .....	1321-1328

